FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

273. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2016




Katrín Jakobsdóttir, sem nú hefur umboð til stjórnarmyndunar, hóf að ræða við fulltrúa annarra stjórnmálaflokka í gær. Formenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar mættu saman á fund hennar, en formennirnir tveir hafa verið mjög samstiga eftir kosningarnar 29. október. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ofbeldismál að buga starfsfólk

**Mikið álag á starfsfólki barnaverndar í Kópavogi vegna heimilisofbeldismála. Bæjarstjóri Kópavogs segist ætla að fara yfir forgangsröðun á velferðarsviði. Barnavernd hafði afskipti af 118 börnum á einu ári.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Verkefnið hefur gengið ofsalega vel en það er gríðarlega mikið álag á starfsfólki barnaverndar,“ segir Kolbrún Þorkelsdóttir, formaður barnaverndarnefndar Kópavogsbæjar, um átak gegn heimilisofbeldi.

Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson, og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, undirrituðu í fyrravor samstarfsyfirlýsingu um tilraunaverkefni til eins árs á sviði barnaverndar.

Í bréfi til barnaverndarnefndar frá ofbeldisteymi og deildarstjóra barnaverndar segir að starfsfólk barnaverndar hafi lagt sig fram við að sinna málaflokknum vel og veita öfluga og faglega aðkomu. Hins vegar sé ljóst að deildin geti ekki sinnt þessari vinnu áfram með þann fjölda starfsmanna sem heimild er fyrir í deildinni.

Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af 71 fjölskyldu eða 118 börnum sem upplifðu heimilisofbeldi á tímabilinu 1. júlí 2015 til 30. júní 2016. Fjöldinn er mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi og vinnsla hvers máls reyndist viðameiri.

Þessi fjöldi heimilisofbeldismála hefur bæst við almenn störf starfsmanna barnaverndar í Kópavogi. „Það segir sig alveg sjálft að starfsmenn geta ekki endalaust haldið svona mörgum boltum á lofti. Þetta mun á endanum koma niður á starfinu,“ segir Kolbrún.

> **Verkefnið hefur gengið ofsalega vel en það er gríðarlega mikið álag á starfsfólki barnaverndar.**
>
> Kolbrún Þorkelsdóttir, formaður barnaverndarnefndar Kópavogsbæjar



Á fundi barnaverndarnefndar Kópavogs í gær var bókað að til að unnt væri að halda áfram þessu nauðsynlega starfi þyrfti að koma til aukinn stuðningur. Nefndin sé mjög meðvituð um mikilvægi verkefnisins og leggur mikla áherslu á að því sé framhaldið.

„Það sem er svo jákvætt við þetta verkefni er að það er að nást árangur. Það er svo mikilvægt að málum eins og þessum sé fylgt vel eftir,“ segir Kolbrún. Hún segir að það væri mikið ábyrgðarleysi að hætta þessu verkefni. Þegar Fréttablaðið leitaði svara hjá Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogsbæjar, um næstu skref bæjarins sagðist hann mundu funda með sviðsstjóra velferðarsviðs og fara yfir forgangsröðina á sviðinu hans. **– þh**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Aðalheiður Steingrímsdóttir skrifar um kjarabaráttu tónlistarkennara. 26

**SPORT** Atvinnukylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur ferðast umhverfis hnöttinn á 48 dögum í ár. 32



**MENNING** Karlakórinn Fóstbræður heldur upp á aldarafmæli með tónleikum í Eldborg. 40

**LÍFIÐ** Rokkrisinn Metallica er upprisinn. 52

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi kvöldstund í jólagjöf!

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Gómsætt leikhúskvöld

Gjafakort fyrir tvo ásamt gómsætri leikhúsmáltíð fyrir sýningu eða í hléi 12.950 kr.



Úti að aka

Gjafakort fyrir tvo á gamanleik eins og þeir gerast bestir

9.950 kr.



Bláí hnötturinn

Miði fyrir tvo á þessa vinsælu fjölskyldusýningu og geisladiskur með tónlistinni

10.600 kr.

## Veður




Norðan 13-20 og snjókoma eða él um landið norðanvert, en bjart með köflum og þurrt að kalla sunnan til. Hægari og norðvestlægari seinnipartinn og dregur úr ofankomu um tíma, einkum á Norðausturlandi. SJÁ SÍÐU 28

## Undirbúningur fyrir jólaösina



Það er stundum sagt að jólin séu hátíð kaupmannsins. Það er satt að því leyti að hjá flestum þeirra er desember veltuhæsti mánuður ársins. Í gær var verið að undirbúa verslunina Cintamani í Bankastræti fyrir jólaösina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hafa áhyggjur af frekari hækkun

**EFNAHAGSMÁL** Samtök atvinnulífsins kalla eftir því að stjórnvöld taki upp viðræður við Seðlabankann um að lækka vexti.

Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri SA, segir í grein á vef samtakanna að gengi krónunnar fari að óbreyttu hækkandi þar til komið verði í óefni. Ný ríkisstjórn verði að taka mið af þenslunni í efnahagslífinu og tryggja frið á vinnumarkaði.

Meðal þess sem samtökin telja mikilvægt er að lækka tryggingagjald, hafna launahækkunum kjararáðs og jafna lífeyrisréttindi. – hh

» Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að lækka tryggingagjald, hafna hækkunum kjararáðs og jafna lífeyrisréttindin.

## Besti árangur í mörg ár

**VIÐSKIPTI** „Eimskip heldur áfram að skila góðum árangri og þetta er besti þriðji ársfjórðungur í rekstri félagsins frá árinu 2009 hvað varðar rekstrartekjur, EBITDA, EBIT og hagnað,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips. Uppgjör félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins var birt í gær. Rekstrartekjur fyrirtækisins námu 134,1 milljón evra, eða 16,2 milljörðum, á fyrstu níu mánuðum ársins og jukust um 4,3 milljónir evra (520 milljónir króna) á milli ára. EBITDA nam 17,8 milljónum evra (2,2 milljörðum) og hækkaði um 1,4 milljónir evra (169 milljónir króna) eða 8,6%. – jhh



Gylfi Sigfússon

## Hagar kaupa allt hlutafé í Lyfju

**VIÐSKIPTI** Hagar hafa undirritað samning um kaup á öllum hlutum í Lyfju af Ríkissjóði. Kaupsamningurinn var undirritaður í kjölfar viðræðna um tilboð Haga í opnu söluferli sem Fyrirtækjaráðgjöf Virðingar annaðist fyrir hönd seljanda.

Heildarverðmæti Lyfju er um 6,7 milljarðar króna, að því er fram kemur í tilkynningu. Verðmat Haga er byggt á ársreikningum félagsins undanfarin ár og rauntölum rekstrar fyrstu níu mánaða ársins 2016.

Lyfja rekur samtals 39 apótek, útibú og verslanir undir merkjum Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins og var heildarvelta fyrirtækisins um níu milljarðar króna á síðasta ári.

Kaupsamningurinn var undirritaður með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Ef þeir fyrirvarar ganga eftir má gera ráð fyrir því að gengið verði frá viðskiptunum fyrir fyrsta júlí á næsta ári. – þea

# Einungis lítill hluti barna fær leikskólavist

**Ekki náðist að taka inn á leikskóla Akureyrar nema brot af 2015 árganginum í haust. Börn fædd í apríl 2015 verða næstum tveggja og hálfs árs þegar þau loks komast inn í menntastofnun. Pláss til segir formaður bæjarráðs en peninga skorti.**

**AKUREYRI** Börn á Akureyri fædd í apríl árið 2015 gætu fengið leikskólapláss í ágúst á næsta ári, þá rúmlega tveggja ára gömul. Fullt er hjá öllum dagforeldrum bæjarins og foreldrar standa því ráðalausir og launalausir heima við og komast ekki til vinnu þegar fæðingarorlofi lýkur.

Akureyrarbær skuldbindur sig til þess að taka öll börn inn á leikskóla á öðru ári þeirra. Ljóst er samkvæmt þessu að bærinn stendur ekki við skuldbindingar sínar gagnvart íbúum bæjarins. „Þetta er vandi sem kemur í sveiflum. Við höfum verið að skoða þetta innan bæjarkerfisins. Við sjáum vandann og við þurfum að vega og meta hvað sé best að gera til að mæta þörfum íbúa,“ segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar.

Samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ var öllum börnum sem fædd eru frá janúar til mars árið 2015 boðið pláss á leikskóla nú í haust. Þau börn sem fædd eru síðar komast ekki á leikskóla fyrr en haustið 2017 nema að pláss losni af öðrum ástæðum fyrr. Mikil óánægja er meðal foreldra sem aðeins fá níu mánaða fæðingarorlof, að annað foreldrið þurfi að vera heima við í langan tíma launalaust á meðan beðið er eftir plássi.

Guðmundur Baldvin segir leikskólaplássið ekki vera sprungið. „Plássið er til staðar. Þetta er hins vegar spurning um fjármagnið sem veitt er í málaflokkinn. En það eru sveiflur í þessu og við þurfum að vega og meta hvað er best að gera í stöðunni.“



Foreldrar á Akureyri standa ráðalausir og launalausir heima því að ekki er pláss hjá dagforeldrum. Formaður bæjarráðs segir skorta fjármagn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Guðmundur Baldvin Guðmundsson



Þórunn Anna Elíasdóttir, íbúi á Akureyri

Þórunn Anna Elíasdóttir, móðir barns sem fætt er 2015, segir stöðuna óásættanlega. „Þessa stöðu er ekki hægt að sætta sig við til lengdar. Ég hef óskað eftir fundi með formanni bæjarráðs og bæjarstjóra vegna málsins. Margir foreldrar eru áhyggjufullir þar sem þetta gæti haft mikil neikvæð áhrif á heimilisbókhaldið hjá mörgum fjölskyldum,“ segir Þórunn Anna.

Miklar breytingar eru áformaðar í leikskólamálum á Akureyri á næstu misserum. Loka á tveimur rótgrónum leikskólum í bænum og stendur til að byggja nýjan leikskóla við Glerárskóla norðarlega í bænum. sveinn@frettabladid.is






# Fjórhjóladrifin skemmtun!

## Ríkulega búinn / Sjálfskiptur / Frábært verð

Bílabúð Benna kynnir sportjeppann Tivoli, nýjasta smellinn frá bílaframleiðandanum SsangYong í Suður-Kóreu. Sportjeppinn Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjórhjóladrifinn og einstaklega lipur í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði og frábært verð.






*Miðað við beinskiptan Tivoli DLX

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Verið velkomin í reynsluakstur | benni.is.**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Bílaríki, Akureyri |
| --- | --- | --- |
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

SSANGYONG

# Framsókn gæti náð saman við VG en erfiðara með aðra flokka

**STJÓRNMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar, getur vel hugsað sér að vinna með Vinstri grænum. Flokkarnir gætu náð saman um flest ef ekki öll málefni.

Þetta sagði Sigurður Ingi í samtali við fréttastofu í gær eftir að hann steig út af fundi við Katrínu Jakobsdóttur, formann Vinstri grænna, sem nú fer með stjórnarmyndunarumboðið. Þó sagði hann að erfiðara yrði að ná saman við suma aðra flokka sem fyrirhugað er að komi að næstu ríkisstjórn.

Katrín fundaði í gær með formönnum allra flokka sem eiga sæti á þingi. Hún hyggst reyna að mynda stjórn frá miðju til vinstri. Með tilliti til þess eru líkur á að fimm flokkar komi að næstu stjórn.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að möguleikarnir á slíkri stjórn væru þrír. Að stjórnarandstöðuflokkar síðasta kjörtímabils, VG, Samfylking, Björt framtíð og Píratar, ynnu með annaðhvort Viðreisn eða Framsókn. Þriðji möguleikinn er að vinna með báðum flokkunum og þá væri hægt að sleppa einum, jafnvel tveimur hinna.

> **Það er heldur engin launung á því að ég hef áhyggjur af því að mjög margir flokkar eru með mikið af nýju fólki, með litla reynslu af þingstörfum.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar



**Sigurður Ingi Jóhannsson formaður og Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokks.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sagði eftir fundinn í gær að þó munur væri á stefnu flokkanna í ýmsum málum ætti að vera hægt að komast að ásættanlegri niðurstöðu. Það myndi hins vegar kalla á samstarfsvilja. Hann sagði að flækjustigið yrði þó meira en það hefði orðið í þriggja flokka stjórn Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks. Þær viðræður sigldu í strand í vikunni.

Búist er við því að formlegar viðræður hefjist í fyrsta lagi eftir helgi. **– þea**



**Höfuðstöðvar JP Morgan Chase í New York.** NORDICPHOTOS/AFP

## JP Morgan fær 30 milljarða króna í sekt

**BANDARÍKIN** JP Morgan Chase, bandaríska fjárfestingabankanum, hefur verið gert að greiða um þrjátíu milljarða króna sekt, alls 264 milljónir Bandaríkjadala, fyrir að hafa ráðið börn kínverskra embættismanna í vinnu. Ráðningarnar voru gerðar í þeim tilgangi að embættismennirnir myndu opna á viðskiptatækifæri í landinu.

Bandaríska dómsmálaráðuneytið lýsti því yfir í gær að gjörðir bankans væru hreinar og klárar mútur og þær ógnuðu þjóðaröryggi. Rannsókn á málinu hefur staðið yfir frá árinu 2013. **– þea**

## Enn ráðist á Aleppo úr lofti

**SÝRLAND** Að minnsta kosti 25 fórust í loftárásum ríkisstjórnarhers Bashars al-Assad Sýrlandsforseta á borgina Aleppo í gær. Loftárásir hafa nú staðið yfir stanslaust í þrjá daga en uppreisnarmenn fara með völdin í borginni. Frá þessu greinir BBC.

Sprengjum var varpað á átta hverfi í austurhluta borgarinnar og voru árásirnar liður í nýju áhlaupi stjórnarhersins. Þriggja vikna banni stjórnarhersins við loftárásum lauk á þriðjudag en frá því hefur stjórnarherinn varpað sprengjum á borgina.

Tuttugu féllu líka þegar bílsprengja sprakk í Azaz, nærri Aleppo, í gær. **– þea**

# Nágrannasveitarfélög ræða við Borgarleikhúsið um stuðning

**Leikfélag Reykjavíkur biðlar til sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að tengjast rekstri Borgarleikhússins í fyrsta sinn. Bæjarstjórar Mosfellsbæjar og Garðabæjar munu funda með forsvarsmönnum leikhússins. Árleg velta leikfélagsins er 1.500 milljónir króna. Þar af koma 600 milljónir úr borgarsjóði Reykjavíkur.**

**REYKJAVÍK** Leikfélag Reykjavíkur, sem rekur Borgarleikhúsið, hefur óskað eftir viðræðum við bæjarstjórnir annarra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins en Reykjavíkurborgar um að tengjast rekstri leikhússins með beinum hætti.

Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, segist hafa fengið jákvæð viðbrögð við óskinni um viðræður.

Bæjarstjórar Mosfellsbæjar og Garðabæjar munu funda með forsvarsmönnum leikhússins. Bæjarráð Kópavogs vísar erindinu til bæjarritara til umsagnar, bæjarráð Hafnarfjarðar sér sér þó ekki fært að verða við erindinu.

„Þetta er hugmynd sem hefur verið rædd mikið hér síðustu ár, við erum að stíga þetta skref sem við höfum lengi viljað taka,“ segir Kristín.

„Við eigum í mjög góðu samstarfi við Reykjavíkurborg og það eru skólabörn sem njóta sérstaklega aðstöðunnar í Borgarleikhúsinu. Við erum að opna á þá hugmynd að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fari inn í sams konar samstarf og Reykjavíkurborg.“

Árlega eru um 20 til 25 leikverk sýnd samtals 500 til 600 sinnum í Borgarleikhúsinu fyrir um 220 þúsund gesti. Árleg velta félagsins er um 1,5 milljarðar. Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg er um 600 milljónir króna auk húseignar, og sjálfsaflafé er um 900 milljónir króna.

„Þetta er hugsað á þeim nótum að sveitarfélögin komi inn í starfsemina með ákveðið fjármagn árlega en fái í staðinn að njóta þessarar sömu þjónustu, sem varðar leikskóla- og




**Um 220 þúsund gestir sækja sýningar Borgarleikhússins árlega.** MYND/GRÍMUR BJARNASON

> **Þetta er hugmynd sem hefur verið rædd mikið hér síðustu ár, við erum að stíga þetta skref sem við höfum lengi viljað taka.**
>
> Kristín Eysteinsdóttir leikhússtjóri



grunnskólabörn og eldri borgara. Við erum að opna þetta samtal en það eru engar tölur sem er búið að nefna eða neitt slíkt,“ segir Kristín.

„Við höfum fengið svar frá Garðabæ um að fá að funda með þeim en við höfum ekki fengið fundarboð frá neinum öðrum. En við höfum fengið jákvæð viðbrögð. Næstu skref eru að sjá hvernig við getum stækkað þetta og látið þetta bæði efla leikhúsið og sveitarfélögin.“

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, staðfestir að hann muni funda með forsvarsmönnum einhvern tímann á næstu vikum. „Mér finnst metnaðurinn og nálgunin mjög góð. En svo er það aftur allt önnur umræða hvort Garðabær taki þátt í að koma að rekstrinum og ég get ekki rætt neina niðurstöðu í því núna.“

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að hann muni einnig funda með fulltrúum leikhússins á næstunni. **saeunn@frettabladid.is**





★★★★

„Margbrotinn lokakafli ... *Ég er sofandi hurð* er stórbrotin og djörf tilraun til að ljúka heildarverkinu með sinfónískum hætti.“
Arnaldur Máni Finnsson / DV

„Sjón er einn þeirra evrópsku höfunda sem ekki verður litið fram hjá.“
El País

„Sjón er einstakur og frumlegur höfundur.“
A.S. Byatt



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm. 27.455**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm. 29.600**




**Laus svunta**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 90x90 cm. 69.900**




**Verðdæmi 80x80 cm. 30.500**




**Verðdæmi 70 cm. 24.880**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

## Gervihnettir til að auka hraða

**TÆKNI** SpaceX hefur sótt um að fá að senda 4.425 gervihnetti út í geim. Fyrirtækið, sem er í eigu Elon Musk, hyggst nota gervihnettina til að koma á háhraðanettengingu um gjörvalla veröld.

Business Insider greinir frá því að þessi fjöldi gervihnatta myndi fimmfalda fjölda virkra gervihnatta á sporbaug um jörðu. Nú þegar eru 1.419 virkir gervihnettir á sporbaug en um 2.600 óvirkir. Því væri gervihnattafloti SpaceX mun stærri heldur en allir gervihnettir sem áður hafa verið sendir á sporbaug til samans.



Samkvæmt umsókn SpaceX til yfirvalda í Bandaríkjunum yrði hver gervihnöttur um 400 kíló og á stærð við smábíl. Þeir myndu vera í rúmlega þúsund kílómetra hæð og gætu dreift merki sínu á svæði með um þúsund kílómetra radíus. **– þea**



**Skólabíll vó salt á vegkanti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Bílstjóri slapp með skrekkinn

**SLYS** Skólabíll vó salt á vegkanti skammt frá brúnni yfir Leirá í Hvalfjarðarsveit í gær. Engu mátti muna að rútan ylti á hliðina og hafnaði utan vegar. Bílstjórinn var einn á ferð, á leiðinni að sækja börn í Heiðarskóla, þegar óhappið varð. Honum varð ekki meint af.

Slæmar aðstæður eru á Leirársveitarvegi og er hann varla fær fyrir hálku.

Þetta er þriðja óhappið á rúmum mánuði þar sem skapast hefur hætta á því að rúta velti á hliðina vegna aðstæðna á vegi. **– þh**

## Flauelsbyltingarinnar minnst



**Íbúar í Prag kveiktu á kertum í gær í tilefni þess að 27 ár eru liðin frá Flauelsbyltingunni, þegar friðsæl mótmæli í Tékklandi og Slóvakíu urðu til þess að kommúnistaríkisstjórnin féll. Byltingunni lauk 29. desember sama ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita.**

## Tekjur jukust um 12 prósent

**VIÐSKIPTI** „Afkoma Reita á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 er í takti við væntingar stjórnenda félagsins,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita. Hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins nam 1,47 milljörðum króna en var 5,2 milljarðar á sama tíma í fyrra. Leigutekjur félagsins námu 7,4 milljörðum en voru 6,62 milljarðar í fyrra og jukust því um 12,3 prósent. **– jhh**

# Reynt að bjarga tugum þúsunda barnslífa

**Meira en níu milljónir hafa safnast í neyðarsöfnun UNICEF vegna vannæringar í Nígeríu og nágrannalöndunum Níger, Tsjad og Kamerún. UNICEF segir frábært að finna stuðninginn frá Íslandi Hann skipti miklu máli.**

**NÍGERÍA** Nærri hálf milljón barna er í bráðri hættu vegna vannæringar í norðausturhluta Nígeríu. Nærri 75 þúsund þeirra gætu látið lífið á næstu mánuðum fái þau ekki meðferð.

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, segir ástæðu neyðarinnar margþætta, en þar má helst nefna uppskerubrest, hækkandi matvælaverð og stórfelldan fólksflótta vegna Boko Haram vígahreyfingarinnar sem herjað hefur á þetta svæði árum saman.

UNCIEF á Íslandi stendur nú fyrir neyðarsöfnun vegna hörmunganna í Nígeríu og nágrannaríkjunum Níger, Tsjad og Kamerún. Meira en fimm þúsund manns hafa tekið þátt í söfnuninni og nú þegar hafa safnast níu milljónir króna hér á landi.

„Það er frábært að finna þennan stuðning frá Íslandi. Hann skiptir miklu máli. Staðan hér er grafalvarleg, börn eru í lífshættu og við getum hjálpað þeim,“ segir Patrick Rose, upplýsingafulltrúi á svæðisskrifstofu UNICEF í Vestur- og Mið-Afríku.

„Við höfum ekki mikinn tíma og verðum að nýta hann vel. Þess vegna skiptir svo miklu máli að fá svona marga í lið með okkur, eins og núna á Íslandi. Framlögin eiga eftir að bjarga lífi barna,“ segir Patrick.

Neyðarástand ríkir nú vegna vannæringar barna í öllum ríkjunum fjórum. Ástandið er samt verst í Borno-héraði í norðausturhluta Nígeríu, en þar hafa liðsmenn Boko Haram verið stórtækastir.

Vígahreyfingin Boko Haram hefur starfað á þessum slóðum í meira en áratug. Árið 2009 hófu samtökin vopnaða baráttu með tíðum árásum á fólk, fjöldamorðum og mannránum. Þau náðu á sitt vald stóru landsvæði í Borno-héraði og lýstu þar meðal annars yfir stofnun kalífadæmis að fordæmi Daish-samtakanna í Írak og Sýrlandi.



**Konur og börn bíða aðstoðar við næringarstöð á vegum UNICEF í Muna í útjaðri bæjarins Maiduguri í Borno-héraði í Nígeríu. Þessi mynd er tekin í september en þar í búðunum er athvarf fyrir um 16 þúsund manns.** NORDICPHOTOS/AFP

> Það er frábært að finna þennan stuðning frá Íslandi. Hann skiptir miklu máli.
>
> Patrick Rose, upplýsingafulltrúi á svæðisskrifstofu UNICEF í Vestur- og Mið-Afríku.

Stjórnarherinn í Nígeríu hefur nú náð að endurheimta að stórum hluta það svæði sem Boko Haram hafði náð á sitt vald, en íbúarnir þurfa hjálp við að koma undir sig fótunum á ný.

UNICEF segir vannæringu barna á þessum slóðum ekki aðeins stafa af matvælaskorti heldur komi þar einnig til óhreint vatn, skortur á aðgengi að salernum og skertur aðgangur að heilbrigðisþjónustu.

„Góðu fréttirnar eru þær að ef næst til allra barna í Borno sem þjást af alvarlegri vannæringu er hægt að bjarga meira en 99 prósentum þeirra,“ segir í tilkynningu frá UNICEF á Íslandi.

**gudsteinn@frettabladid.is**



# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ALLIR BÍLALEIGUBÍLAR Í ÁBYRGÐ!

**NÝ NOKIAN VETRARDEKK FYLGJA TIL 19. NÓVEMBER - KOMDU Í DAG!**




**TILBOÐ: 3.290.000 kr.**
~~Verð 3.590.000 kr.~~
**Ford Mondeo Titanium** NNH52
04/2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Grænn. Ek. 65.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ: 1.590.000 kr.**
~~Verð: 1.740.000 kr.~~
**Ford Fiesta Titanium** SIA74
05/2014, 1,0i bensín, beinskiptur.
Grænn. Ek. 60.500 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ 1.990.000 kr.**
~~Verð 2.190.000 kr.~~
**Citroën C4 Comfort** RPH03
06/2014, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Ljósbrúnn. Ek. 65.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ: 2.590.000 kr.**
~~Verð 2.870.000 kr.~~
**Ford Grand C-MAX Trend Edition** ZJH74
04/2015, 1,0i bensín, beinskiptur. 7 sæta.
Grár. Ek. 53.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ: 1.890.000 kr.**
~~Verð: 2.190.000 kr.~~
**Ford Focus Trend Edition** NBS13
06/2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Silfur. Ek. 69.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ 3.090.000 kr.**
~~Verð 3.490.000 kr.~~
**Ford Kuga Titanium** ISB25
06/2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Grænn. Ek. 87.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ 3.190.000 kr.**
~~Verð 3.490.000 kr.~~
**Volvo V40 Cross Country Kinetic** GNT32
05/2015, 1,6 D2 dísil, sjálfskiptur.
Hvítur. Ek. 61.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ 2.590.000 kr.**
~~Verð: 2.790.000 kr.~~
**Mazda3 Vision** MUS15
04/2016, 2,0 SKYACTIV bensín, beinskiptur.
Silfur. Ek. 37.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ 2.890.000 kr.**
~~Verð: 3.190.000 kr.~~
**Ford Mondeo Titanium** JFU00
03/2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Silfur. Ek. 71.500 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ 4.790.000 kr.**
~~Verð: 4.990.000 kr.~~
**Mazda6 Optimum AWD** DLE23
03/2016, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 36.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ: 2.290.000 kr.**
~~Verð: 2.590.000 kr.~~
**Ford Focus Trend Edition** SBU92
06/2014, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 68.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**




**TILBOÐ: 2.690.000 kr.**
~~Verð 2.990.000 kr.~~
**Citroën C4 Picasso Sedcution** PAX61
5/2015, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Rauður. Ek. 42.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Allt að 90% fjármögnun í boði
- Komdu og prófaðu

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir af bílunum eru aðeins tákn um bíla sömu gerðar og því getur útbúnaður og litur verið frábrugðinn.

# Bílbeltin sorglega oft ekki spennt

**Ný rannsókn greinir frá því að 233 einstaklingar hafa komið á Landspítala vegna mænuskaða síðan 1975. Bílveltur í strjálbýli algeng orsök. Bílbelti hefðu getað skipt sköpum í mörgum slysanna. Fall og tómstundaslys einnig algeng orsök. Slysum fjölgar í góðærinu.**



**Bílveltur utan þéttbýlis komu oft við sögu þessara alvarlegu slysa – og að fórnarlömbin eru ekki í bílbelti. Myndin tengist fréttinni ekki beint.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HEILBRIGÐISMÁL** Rík ástæða er til að auka enn áróður fyrir notkun bílbelta, er ein meginniðurstaða rannsóknar um mænuskaða af völdum slysa á Íslandi. Rúmlega helmingur þeirra sem fengu mænuskaða eftir bílslys á fjögurra áratuga tímabili var ekki í bílbelti, sem þó er talið stórlega vanáætlað þar sem upplýsingar vantar um mörg umferðarslys.

Páll E. Ingvarsson, sérfræðilæknir á Grensásdeild Landspítalans, segir rannsóknina hafa beinst að því að leita áhættuþátta sem nýta mætti í forvarnarskyni, en mænuskaði er meðal alvarlegustu afleiðinga slysa og ekki hefur tekist að finna lækningu við.

„Það er sorgleg staðreynd að enn þann dag í dag er hátt hlutfall þeirra sem hljóta mænuskaða í bílslysum ekki í bílbeltum. Þessi ofureinfalda hreyfing getur forðað einstaklingnum frá ævilangri fötlun og örkumlum. Þetta er svo sorglega einfalt og við verðum að hamra á því við hvert tækifæri að fólk noti þetta einfalda öryggistæki,“ segir Páll og nefnir jafnframt mikinn kostnað fyrir heilbrigðiskerfið sem er óþarfur í þessu samhengi.

Páll nefnir jafnframt að byltur og föll verði sífellt greinilegri ástæða þessara alvarlegu meiðsla, og er í samræmi við að þjóðin er að eldast. Það skýri að byltur séu í dag að nálgast að vera ástæðan í helmingi þessara slysa. „Ástæðan fyrir því að nálægt 75 prósent mænuskaðaðra eru karlmenn verður að skrifast á unga fífldjarfa stráka og glannaskap þeirra. Þegar fólk dettur og slasar sig er kynjaskipting nærri því jöfn, en jafnvel frekar konur,“ segir Páll.

„Rannsóknin sýndi jafnframt athyglisverðar niðurstöður sem við kunnum ekki skýringar á. Það er hvað var gríðarleg aukning á frítímaslysum og fjölgun mænuskaða þegar góðærið var – sem síðan datt niður eftir hrun,“ segir Páll en þar komi við sögu vél- og fjórhjólaslys, snjósleðaslys og algengt að fólk detti af hestbaki. Hann segir það því umhugsunarvert hvort ekki sé beint samhengi á milli efnahagsástands og lífsstíls, og því megi í alvöru benda fólki á að ganga varlega um gleðinnar dyr.

Mænuskaði af völdum slysa hérlendis á rannsóknartímabilinu er að meðaltali 26 á hverja milljón íbúa á ári, sem er nálægt alþjóðlegu meðaltali. Eins og allir vita er málið grafalvarlegt, segir Páll. „Helmingur þeirra sem hljóta mænuskaða eru bundnir við hjólastól það sem eftir er ævinnar. Hinir eru með mikla máttarminnkun, truflun á hægðaog blöðrustjórnun og á kynlífsgetu, svo þetta hefur gríðarleg áhrif á líf og lífsgæði fólks ævilangt,“ segir Páll.

Höfundar telja mikilvægt að efla frekar forvarnir í tengslum við bílbeltanotkun. svavar@frettabladid.is

> Þessi ofureinfalda hreyfing getur forðað einstaklingnum frá ævilangri fötlun og örkumlum.



Páll E. Ingvarsson, sérfræðilæknir á LSH

## 233 hlutu mænuskaða

- Læknablaðið [11/2016] birti niðurstöður rannsóknarinnar sem náði til áranna 1975 til 2014.
- Á þeim tíma hlutu 233 einstaklingar mænuskaða af völdum áverka.
- Umferðarslys voru algengasta orsök mænuskaða, en oftast var um að ræða bílveltur í dreifbýli.
- Þrír af hverjum fjórum sem hlutu mænuskaða voru karlmenn og meðalaldur þessa hóps sem um ræðir 39 ár.
- Fall var næstalgengasta orsök mænuskaða en þar var meðalaldurinn hæstur.
- Í um þriðjungi slysanna var um að ræða alskaða á mænu.
- Við útskrift höfðu níu prósent náð fullum bata.

WILD WEEKENDS
SPARIÐ 50%
Á VÖLDUM XMAS HITS
FÖSTUDAGUR TIL SUNNUDAGS 18.-20.11.2016
OPNUNARTÍMI:
Smáratorg: 11:00-19:00 föstudagur, 10:00-18:00 laugardag og 12:00-18:00 sunnudag.
Korputorg: 11:00-18:30 föstudagur, 10:00-18:00 laugardag og 12:00-18:00 sunnudag.
Glerártorg: 10:00-18:30 föstudagur, 10:00-17:00 laugardag og 13:00-17:00 sunnudag.
ToysRUs

# ÁSTUND FAGNAR 40 ÁRA STÓRAFMÆLI

Við bjóðum **40% AFSLÁTT** af fjölmörgum vörum í tilefni afmælisins föstudag, laugardag og sunnudag.
Allar aðrar vörur á **20% afslætti.**



40% AFSLÁTTUR

BUNTEN VATTERAÐ VESTI



40% AFSLÁTTUR

ROCKYFIELD ÚLPA



40% AFSLÁTTUR

DOWNSHINE DÚNKÁPA



40% AFSLÁTTUR

ERIS LEÐURSKÓR



40% AFSLÁTTUR

LOLLY POP BARNASTÍGVÉL

## Afmælishnakkur Ástundar

Í tilefni stórafmælisins bjóðum við nýja afmælishnakkinn okkar IceLand á 30% afslætti. Hnakkurinn er hannaður í samstarfi við færustu sérfræðinga og unninn úr sérlega vönduðu leðri. Sjón er sögu ríkari.



30% AFSLÁTTUR

AIGLE

## OPNUNARTÍMAR

Föstudag 10:00 til 18:00. 18. nóv. • Laugardag 10:00 til 18:00. 19. nóv. • Sunnudag 13:00 til 17:00. 20. nóv.

Ástund • Austuveri - Háaleitisbraut 68
Sími 568 4240 • www.astund.is •

Ástund var stofnuð 19. nóvember árið 1976 og hefur allar götur síðan verið í fararbroddi á gæðavörum og þjónustu fyrir hesta- og útivistarfólk.

ÁSTUND

# Lúpína lokkar aufúsugesti

**UMHVERFISMÁL** Tífalt fleiri fuglar þrífast á uppgræddu mólendi en á óuppgræddu landi. Í landi sem grætt hefur verið upp með alaskalúpínu er hlutfallið tuttugufalt.

Þetta kemur fram í nýrri grein sem birt er í rafræna tímaritinu Icelandic Agricultural Sciences, og er eftir fræðifólkið Brynju Davíðsdóttur, Tómas Grétar Gunnarsson, Guðmund Halldórsson og Bjarna Diðrik Sigurðsson – og segir frá á vef Skógræktarinnar.

Höfundar rannsökuðu áhrif mismunandi landgræðsluaðgerða á þéttleika og tegundasamsetningu fugla og á fjölda smádýra. Á 26 stöðum á landinu voru borin saman óuppgrædd svæði, endurheimt mólendi og land sem hafði verið grætt upp með alaskalúpínu.

„Mikill munur var á fjölda fugla milli gróðurlenda. Á óuppgræddu landi var að meðaltali 31 fugl á ferkílómetra, 337 á endurheimtu mólendi og 627 á landi sem hafði verið grætt upp með lúpínu. Þar sem fuglar voru fleiri var einnig meira af smádýrum sem eru mikilvæg fæða fuglanna,“ segir á skogur.is.

> **31**
> fugl var að meðaltali á einum ferkílómetra.

Í endurheimtu mólendi var mest um vaðfugla, tegundir sem fer hnignandi á heimsvísu, en í lúpínu var meira um algengari tegundir. Heiðlóa og lóuþræll voru algengustu tegundirnar í endurheimtu mólendi en hrossagaukur og þúfutittlingur í lúpínu.

Þéttleiki sumra fuglategunda virtist vera háður framvindustigi landgræðslusvæða. **– shá**



Hrossagaukur og þúfutittlingur voru mjög áberandi þar sem lúpína sprettur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hópslysið á Mosfellsheiði í október er eitt alvarlegasta hópslys síðustu ára á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Of fáir sjúkrabílar til þess að bregðast við

**Hópslys af sömu stærðargráðu og varð á Þingvallavegi þann 25. október gæti reynst erfitt fyrir viðbragðsaðila á Norðausturlandi. Áhersla lögð á að flytja sjúklinga til Reykjavíkur því sjúkrahúsið á Akureyri er ekki nægilega öflugt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki er til nægur floti sjúkrabifreiða á Norðurlandi til að takast á við rútuslys líkt og varð á Þingvallavegi í síðasta mánuði. Fjórir sjúkrabílar eru til notkunar á Akureyri og tveir á Húsavík á svæði þar sem þúsundir langferðabíla fara um árlega í sístækkandi ferðaþjónustu á svæðinu.

Þann 25. október síðastliðinn fór rúta út af Þingvallaveginum að morgni dags með 42 farþega innanborðs. Fimmtán þeirra voru fluttir slasaðir á Landspítalann til aðhlynningar og voru til þess notaðar tíu sjúkrabifreiðar. Verði slíkt slys á leiðinni milli Akureyrar og Mývatns, þar sem þúsundir ferða eru farnar árlega með farþega, mun það taka langan tíma að flytja slasaða til aðhlynningar á sjúkrahúsi, en aðeins níu sjúkrabifreiðar eru til taks frá Siglufirði í vestri til Húsavíkur í austri.

Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, segir viðbrögð við slysum af þessari stærðargráðu reglulega æfð á starfssvæðinu. Hann segir skipulagið miða að því að senda fólk til Reykjavíkur í stað Akureyrar þar sem sjúkrahúsið á Akureyri sé ekki heldur í stakk búið til að taka við svo mörgum sjúklingum.

„Við æfum hópslys með mjög reglulegu millibili og höfum einmitt æft slys sem þetta mjög nýlega. Þar er gengið út frá því að búa til loftbrú til Reykjavíkur þar sem þar er sjúkrahúsið sem getur tekið við hópslysum af þessu tagi. Landspítalinn er sjúkrahúsið sem dekkar allt landið, segir Jón Helgi. „Verði slys á Fljótsheiðinni til að mynda væri hægt að taka við minna slösuðum á Húsavík, einhverjir færu á Akureyri en síðan þyrfti að fá sjúkraflugvél og jafnvel virkja Fokkervél til að fljúga með fólk suður.“





Sjúkrahúsið á Akureyri er ekki í stakk búið til að geta tekist á við hópslys.

> Við æfum hópslys með mjög reglulegu millibili og höfum einmitt æft slys sem þetta mjög nýlega.

Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.



Ólafur Stefánsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri, segir viðbragðstímann geta verið um 40 mínútur fyrir fyrsta viðbragð að mæta á staðinn frá Akureyri. „Síðan yrði að kalla út aukinn mannskap til að manna fleiri bíla.“ Ólafur segir það einnig staðreynd að menntun sjúkraflutningamanna á höfuðborgarsvæðinu sé almennt meiri en þeirra sem sinna sama starfi á landsbyggðunum.

**sveinn@frettabladid.is**










# Sýndu lit

## Eigum allt fyrir málningarvinnuna

**Flutex 10**
Gæðamálning
3 lítrar á aðeins
**2.490 kr.**




**Opið 7-19 alla daga í verslun okkar á Stórhöfða**

**Opið 10-15 á laugardögum í öðrum verslunum**
Skeifunni, Keflavík, Akureyri
Hafnarfirði og Selfossi



**Flügger litir**
flugger.is

# Tuttugu þúsund tonn af malbiksafgöngum bíða endurvinnslu

**UMHVERFISMÁL** Geymslusvæðið og Hlaðbær Colas hófu framkvæmdir við losun malbiksafganga án tilskilinna leyfa og stöðvaði Hafnarfjarðarbær þær eftir skoðun.

Lóðin sem um ræðir er að hluta grófjöfnuð og eru engar sérstakar mengunarráðstafanir til staðar á lóðinni. Síðasta ár hafa safnast upp um 20 þúsund tonn af malbiki til endurvinnslu og er engin útskolun olíuefna sjáanleg í jarðveginum í kringum malbikshauginn. Gert er ráð fyrir að efnið verði malað niður á þessu svæði í janúar til mars 2017.

„Við töldum okkur hafa leyfi,“ segir Ástvaldur Óskarsson, framkvæmdastjóri Geymslusvæðisins, spurður um hvers vegna var farið af stað.



**Malbik fræst upp á Reykjavíkurflugvelli.** MYND/SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR

> **Við töldum okkur hafa leyfi.**
>
> Ástvaldur Óskarsson, framkvæmdastjóri Geymslusvæðisins

„Málið er nú í umfjöllun hjá Hafnarfjarðarbæ. Það var gerð úttekt á þessu af verkfræðistofunni Eflu og nú er bærinn að vinna úr upplýsingunum og við bíðum á meðan,“ segir Ástvaldur.

Hlaðbær-Colas hefur leyfi til að taka á móti og endurvinna malbik og hefur gert það um árabil á sinni lóð.

Fyrirtækið hefur tekið við efni, verktökum að kostnaðarlausu með það í huga að endurvinna það í nýjar blöndur og spara þannig bik, steinefni og orku. En markaðir eru erfiðir þessa stundina og ekki hefur gengið sem skyldi að koma því á markað. Hefur efnið því safnast upp á lóð fyrirtækisins.

Hlaðbær-Colas fékk leyfi hjá Geymslusvæðinu til að geyma efnið á lóð fyrirtækisins þangað til markaðurinn glæðist. Lóð Geymslusvæðisins er skilgreind sem iðnaðarlóð í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hlaðbæjar-Colas, segir málið lykta af pólitík. Hann bendir á að vegna plássleysis geti fyrirtækið ekki lengur tekið við efni.

„Það safnast meira upp en hefur náðst að nýta. Nú er loks verið að fara að skoða hvað er hægt að gera við allt þetta efni og vinnuhópur kominn á fót. Malbik er 100 prósent endurvinnanlegt og Ísland þarf að komast á þann stað sem aðrar þjóðir eru á gagnvart því að endurvinna malbik,“ segir Sigþór.

Hópurinn samanstendur af malbikunarfyrirtækjum, Vegagerðinni, sveitarfélögum, Umhverfisstofnun og Sorpu. – **bbh**

## Plastpokar í ruslið

**UMHVERFISMÁL** Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum á þriðjudag að móta og hefja aðgerðir gegn notkun einnota umbúða í borginni. Er horft til þess hvernig auðvelda megi borgarbúum að komast hjá einnota umbúðum og velja annað en t.d. plastpoka og annars konar einnota umbúðir.



Aðgerðaáætlun verður samin í samstarfi við grasrótarsamtök, samtök um verslun og þjónustu, starfsmenn borgarinnar og íbúa. Þá verði einnig skoðað hvernig megi standa að fræðslu til að ná þessum markmiðum. Þá á að rýna í aðra markaða stefnu borgarinnar sem kann að skipta máli fyrir verkefnið og hafa þær stefnur til hliðsjónar sem þegar hafa verið samþykktar í umhverfis-, auðlinda- og úrgangsmálum. – **bbh**

## Grindvíkingar takmarka hraða

**UMFERÐ** Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs í Grindavík óskaði á bæjarráðsfundi á þriðjudag eftir hraðatakmarkandi aðgerðum á Gerðavöllum í bænum. Óskaði sviðsstjórinn eftir viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2016 til að setja upp tvær hraðahindranir við götuna, í samræmi við ákvörðun bæjarráðs frá því í júní. Lagði bæjarráð það til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2016 upp á 1,7 milljónir króna sem komi til lækkunar á handbæru fé. – **bbh**

# Demókratar skoða samstarf við nýjan Bandaríkjaforseta

**Í staðinn fyrir að fara í hart gegn Trump í hverju málinu á fætur öðru vilja þingmenn flokksins leggja áherslu á málefni sem hann gæti stutt en Repúblikanar eru lítt hrifnir af. Hillary Clinton segir síðustu daga hafa verið sér erfiða. Helst hafi hún viljað kúra með hundum þeirra hjóna og ekki fara út úr húsi framar.**

**BANDARÍKIN** Demókratar í öldungadeild Bandaríkjaþings eru að skoða möguleikana á því að starfa með Donald Trump, nýkjörnum forseta, frekar en að fara í hart gegn honum í hverju einasta máli.

Bandaríska dagblaðið The New York Times skýrir frá þessu og segir þessa aðferðafræði þingmannanna koma á óvart.

Hugmyndin er sú að Demókratar leggi á komandi kjörtímabili áherslu á ýmis þau mál sem Trump hefur sjálfur sagt mikilvæg en stangast verulega á við stefnu Repúblikanaflokksins.

Strax á næstu vikum muni þeir kynna áherslumál sem þeir telja að muni falla Trump í geð og eigi jafnframt að höfða til hinna hvítu kjósenda úr verkamannastétt sem Trump sótti mikilvægasta fylgi sitt til. Þar verði ekki síst efnahagsmálin höfð í forgangi.

Demókrataflokkurinn er í miklu uppnámi vegna úrslitanna í forseta- og þingkosningunum í síðustu viku, þar sem Repúblikanar fengu meirihluta í báðum deildum þingsins ásamt því að Trump vann sigur í forsetakosningunum.

„Það er viðurkennt að það væri mikil skammsýni að kenna bréfi frá FBI um þetta tap eða hvaða ríki Hillary heimsótti,“ hefur The New York Times eftir Amy Klobuchar, öldungadeildarþingmanni Demókrataflokksins frá Minnesota.

Flokkurinn þarf nú að ákveða hvaða afstöðu eigi að taka gagnvart Trump í stjórnarandstöðunni, og þar vilja margir fara í hart gegn Trump í hverju málinu á fætur öðru.

Þessi hópur Demókrata, sem The New York Times vitnar til, vill hins vegar fara allt aðra leið. Með því að vinna náið með Trump sé hugsanlega mögulegt að reka fleyg á milli hans og Repúblikanaflokksins.




**Hillary Clinton segist helst hafa viljað hnipra sig saman með góða bók og aldrei þurfa að fara út úr húsi aftur.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Ég veit að mörg ykkar eru óskaplega vonsvikin vegna kosningaúrslitanna. Ég er það líka, meira en ég fæ með orðum lýst.**
>
> Hillary Clinton

Hillary Clinton tjáði sig á miðvikudag í fyrsta sinn opinberlega frá því hún viðurkenndi tap sitt í forsetakosningunum. Hún sagði sér hafa liðið hræðilega eftir að úrslitin lágu fyrir. Hún hafi helst viljað „hnipra sig saman með góða bók og aldrei þurfa að fara út úr húsi framar“.

Þetta sagði hún á góðgerðarsamkomu fyrir börn, en hvatti fólk jafnframt til að gefast ekki upp og halda áfram að berjast.

„Ég veit að mörg ykkar eru óskaplega vonsvikin vegna kosningaúrslitanna. Ég er það líka, meira en ég fæ með orðum lýst,“ sagði hún. „Ég veit að undanfarna viku hafa margir spurt sjálfa sig hvort Bandaríkin séu enn það land sem við héldum að þau væru.“

Hins vegar eigi fólk ekki að missa trúna á Bandaríkin: „Bandaríkin eiga það skilið. Börnin okkar eiga það skilið.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

# Sýklalyfjanotkun sem fyrr mest á Íslandi af Norðurlöndunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Sýklalyfjanotkun er sem fyrr hæst á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin, en er um miðbik ef miðað er við öll Evrópulönd. Hins vegar er sýklalyfjanotkun hjá dýrum hér á landi áfram ein sú minnsta í Evrópu og hefur minnkað stöðugt frá 2010.

Þetta kemur meðal annars fram í nýrri skýrslu sóttvarnalæknis um sýklalyfjanotkun hjá mönnum og dýrum.

Kostnaður vegna sýklalyfja á verðlags ársins 2015 var um milljarður króna, heldur hærri en á árinu 2014 og var hann í fjórða sæti yfir söluverðmæti allra lyfjaflokka á Íslandi. Hins vegar var kostnaður sýkingalyfja hjá dýrum rúmlega 120 milljónir króna, heldur hærri en á árinu 2014. Heildarsala sýklalyfja hjá mönnum jókst um tæp fjögur prósent á milli áranna 2014 og 2015 en salan hafði áður verið minnkandi frá 2010. Þessi aukning 2014-2015 virðist einkum skýrast af aukinni notkun innan heilbrigðisstofnana en á því eru ekki fullnægjandi skýringar, að sögn sóttvarnalæknis.

„Af skýrslunni má draga þá ályktun að enn eigum við Íslendingar nokkuð í land með að draga úr notkun sýklalyfja hjá mönnum og draga þannig úr hættunni á útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. [...] Til að stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis þurfa margir aðilar hér á landi að taka höndum saman [...] stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja innan sem utan heilbrigðisstofnana, halda sýklalyfjanotkun áfram í lágmarki hjá dýrum, byggja upp viðunandi salernisaðstöðu fyrir ferðamenn og efla eftirlit með bakteríum í innlendum sem erlendum ferskum kjötvörum. Aðeins á þann hátt munum við ná árangri í baráttunni gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis,“ segir í skýrslunni. – **shá**

> **1**
>
> **milljarður króna fór í kaup á sýklalyfjum hérlendis í fyrra.**




**Ávísanir á sýklalyf eru áfram hlutfallslega mestar hjá börnum 0-4 ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Saman gefum við

# 5 krónur

**af lítranum í dag og styrkjum**

Stígamót

GEFUM & GLEÐJUM

Meira á olis.is

olís

síðan 1927

PIPAR\TBWA • SÍA • 165036

# BANANAR Í ÖLLU SÍNU VELDI




**Barnana, ofur kalíum snakkið**
Lífrænt banana sælgæti, ríkt af kalíum.
Bananar húðaðir dökku súkkulaði, hnetusmjöri og kókosbanana bitar.



**Chiquita bananar**

*Vissir þú?*

Að banani gefur samstundis varanlegt og jafnt orkubúst. Rannsóknir sýna að tveir bananar gefa næga orku í 90 mínútna erfiða líkamsrækt. Engin furða að bananinn er sá ávöxtur sem íþróttafólk í fremstu röðum velur sér.

Banani inniheldur mikið af járni sem örvar framleiðslu af hemóglóbín í blóðinu og hjálpar þar af leiðandi við blóðleysi.

Kalíum er nauðsynlegt steinefni sem hjálpar hjartanu og sendir súrefni til heilans og passar upp á vatns jafnvægið í líkamanum. Þegar við stressumst minnkar kalíum magnið í líkamanum. Þetta er hægt að laga með því að borða kalíumríkann banana.

Gildir til 20. nóvember á meðan birgðir endast.

*Nýtt í Hagkaup*




**Thorntons karamellur**
Original Toffee og Vanilla Fudge.




**Malt og appelsín**
Hátíðarblandan þín í gleri.




**Jólastafir**
Jólanammið fæst í Hagkaup.

*Nýtt í Hagkaup*




**Knorr**
Lasagna Al Forno, Mexican Enchiladas,
Thai Green Curry og Indian Tikka Masala




**3 Stjerne Salami**
Ekta salami beint frá Danmörku.

*Nýtt í Hagkaup*

VEGAN




**dr. Praeger´s**
Hentar fyrir grænmetisætur. Borgararnir eru vegan.

## FERSKAR ÓLÍFUR
### EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR

Ficacci 1964





Whole black Gaeta, Green giant Cerignola, Green Sweet Castelvetrano Silican, Typical Abruzzese recipe, Oven dried black with orange, Bella Italia pitted mix, Pitted green in Calabrese recipe og Whole black natural Kalamon.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

# HELGARSTEIKIN



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

LAMBA-
INNRALÆRI
3.149 kr/kg
verð áður 4.499

SS



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

FJÖRULAMB
LAMBALÆRI
1.999 kr/kg
verð áður 2.499

ÍSFUGL



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

KRYDDLEGIN
KALKÚNALÆRI
1.452 kr/kg
verð áður 2.074

Holta Kjúklingur



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-
BRINGUR
2.079 kr/kg
verð áður 2.599

NAUTAAT



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

PIPARSTEIK
2.799 kr/kg
verð áður 3.998

NAUTAAT



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

RIBEYE
3.499 kr/kg
verð áður 4.999



## PRETZILLA

Hamborgarabrauð, pylsubrauð og
snakkbitar úr pretzeldeigi




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Nauðgun dóttur versta martröð foreldra

**Ríflega sjö hundruð einstaklingar undir lögaldri hafa leitað til Neyðarmóttöku vegna nauðgana frá stofnun hennar. Stökk verður í komum við fjórtán ára aldurinn. Foreldrar verða oft fyrir áfalli og fyrstu viðbrögð eru oft til þess fallin að valda unglingnum vanlíðan.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Þegar stúlkur ná fermingaraldri stóraukast líkur á að þær verði fyrir nauðgun. Þetta sýna tölur Neyðarmóttökunnar en stórt stökk verður í komum einstaklinga frá fjórtán ára aldri. Komunum heldur svo áfram að fjölga í gegnum unglingsárin og fram á fullorðinsár. Hér á eftir verður oftast rætt um unglingsstúlkur. Að meðaltali leita fjórir karlar á ári til Neyðarmóttökunnar.

Sé rýnt í tölur um Neyðarmóttökuna frá stofnun hennar árið 1993, sést hvernig komur unglingsstúlkna fara stigvaxandi með aldrinum. Þrettán tólf ára stúlkur hafa leitað til Neyðarmóttökunnar, 49 þrettán ára stúlkur hafa leitað á móttökuna en strax við fjórtán ára aldurinn eru þær orðnar 102. Þá hafa152 fimmtán ára stúlkur leitað til móttökunnar og 209 sextán ára stúlkur. Alls hafa 707 einstaklingar undir lögaldri leitað á móttökuna frá stofnun.

Vert er að taka fram að aldurshópurinn 18 til 25 ára er þrátt fyrir þetta fyrirferðarmesti aldurshópurinn en 1.075 manns í þeim aldurshópi hafa leitað til móttökunnar frá 1993. Eftir það taka komurnar mikla dýfu. 801 einstaklingur 26 ára og eldri hefur leitað til móttökunnar frá upphafi. Þeir elstu eru eldri en 55 ára.

Eyrún Jónsdóttir hefur verið verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar frá stofnun hennar en hefur nú ákveðið að hætta og snúa sér að öðru. Í dag heldur Landspítalinn málþing henni til heiðurs þar sem meðal annars verður rætt um mikilvægi Neyðarmóttökunnar fyrir brotaþola.

Eyrún segir að sérstaklega verði að huga að yngsta hópnum sem leiti til móttökunnar. Aðstæður þar séu töluvert ólíkar því sem gengur og gerist með fullorðnar konu sem leita þangað eftir nauðgun. „Í sjálfu sér eru unglingsstúlkurnar ekki á skemmtistöðunum eða í skemmtanalífinu en um fermingaraldur eru þær farnar að fikra sig áfram í samskiptum við hitt kynið, farnar að fara í fyrsta skipti á djammið og drekka í fyrsta sinn. Það er algengast í þeirra málum að gerendur séu eldri, jafnvel þremur til fjórum árum eldri. En svo kemur líka fyrir að gerandi og þolandi séu jafnaldrar. Stelpur á þessum aldri eru oft þroskaðri og síður að líta til [jafnaldra stráka], þær taka sénsa, fara í partí þar sem er blandaður hópur en aldur þeirra og þroskaleysi kemur í veg fyrir að þær lesi í aðstæðurnar,“ segir Eyrún.

„Það er algengt í málum þessara stelpna og stráka að þær segi ekki alveg strax frá. Þær segja trúnaðarvinkonu sinni sem svo segir mömmu sinni sem að lokum segir móður brotaþola frá. Oft eru þær því að koma á Neyðarmóttöku nokkrum dögum eftir að brotið hefur verið framið,“ segir Eyrún.

### Áfall fyrir foreldra

Fyrstu viðbrögð foreldra skipta miklu máli fyrir þolendur. „Það er auðvitað versta martröð foreldra að upplifa að dóttir þeirra hafi orðið fyrir alvarlegri kynferðislegri árás. Fyrstu viðbrögð foreldra eru þá oft að fara að ofvernda og halda utan um barnið eins vel og hægt er. Þá upplifa krakkar stundum að þau hefðu jafnvel ekki átt að segja frá. Þegar við hringjum í foreldrana verða fyrstu viðbrögð oft reiði og skammir, um að þetta hefði ekki gerst ef börnin hefði ekki gert eitthvað ákveðið. En þessir einstaklingar eru fullir af þeim hugsunum sjálfir,“ segir Eyrún.

Eyrún segir allt ferlið sérstaklega átakanlegt fyrir unglingsstúlkur á Neyðarmóttökunni. Í mörgum tilfellum var ofbeldið sem þær urðu fyrir þeirra fyrsta kynferðislega reynsla og þegar komið er á Neyðarmóttökuna þurfa þær að fara í sína fyrstu kvenskoðun. „Fyrir hverja einustu konu er það að fara í gegnum sína fyrstu kvenskoðun ákveðið ferli sem þarf að manna sig upp í. Í þessum tilfellum þarf svo að gæta að því að þetta er kvenskoðun gerð undir þessum aðstæðum. Það þarf að vera mjög nærgætinn og upplýsa og fræða jafnharðan og gefa allan tíma sem þarf til að útskýra hvers vegna við verðum að gera þetta. Þessi mál taka oft langan tíma vegna þess að við erum að reyna að sýna fyllstu alúð svo koman verði ekki trámatísk upplifun sem sitji í þeim áfram.“

Eyrún segir jafnframt að þroskaleysið skíni í gegn þegar kemur að orðfæri og frásögn af ofbeldinu. Hópurinn sé mun meira hikandi en eldri konur. „Með tilkomu netsins og klámsins er ofbeldið í eðli sínu alltaf að verða grófara og gerandinn er uppfullur af annarlegum hugmyndum sem hann útfærir á einstaklingnum. Það kannski skín í gegn þessi undirgefni, að vera ekki búinn að móta sjálfur skoðanir og að það megi segja nei. Það þurfi ekki að ganga inn í eitthvað þó þú sért beittur miklum þrýstingi. Það er þetta mótstöðuleysi sem hefur alltaf fylgt hópnum en markaleysið er svo að verða enn meira.“

### Vill ná til gerenda

Þrátt fyrir að Eyrún sé að hætta eftir farsælan tíma í starfi á Neyðarmóttökunni er hún ekki hætt að brenna fyrir málaflokknum. Hún segir einar stærstu brotalamirnar snúa að skorti á fræðslu. „Það þarf að snúa sér að gerendum og gera öllum grein fyrir hversu alvarlegt þetta er. Þetta hefur ekkert með kynlíf að gera heldur er þetta gróft ofbeldi. Upplýsing og fræðsla er það sem stendur upp úr til að reyna að koma í veg fyrir brotin. Svo þarf að auka úrræði fyrir þá sem þurfa aðstoð. Það eru öll kerfi drukknuð í dag.“

Hún nefnir líka að finna þurfi milliveginn á milli þess að fjölmiðlar tali opinskátt um kynferðisofbeldi og án þöggunar en sleppi grafískum lýsingum. „Þegar brotaþolar koma hingað er þeim lofað nafnleynd og trúnaði en vinna okkar gengur líka út á að útskýra að ef þeir kæra þá sé líklegt að einhver klausa verði um málið í blaðinu. Nærfærin umfjöllun er fyrsta krafan því þetta hefur áhrif til langframa.“



Þolendur kynferðisofbeldis upplifa mikla skömm sem stundum magnast upp vegna vondra viðbragða foreldra í miklu áfalli. Verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar segir að stundum þurfi starfsfólk að vera milliliður á milli barna og foreldra. NORDICPHOTOS/GETTY

**Einstaklingar undir 18 ára sem leituðu til Neyðarmóttökunnar** 1993-2015




**Fjöldi í aldurshópum sem leitað hafa til Neyðarmóttöku** 1993-2015




10-17 ára | 18-25 ára | 26-35 ára | 36-45 ára | 46-55 ára | 55 og eldri

**2.585**
**leitað til Neyðarmóttökunnar frá** 1993 til 2015

**1.143**
**málanna hafa verið kærð til lögreglu eða 44%**

**2015**
**var metár** í fjölda karla á Neyðarmóttöku þegar 12 leituðu til hennar. Frá stofnun hafa að meðaltali **fjórir karlar á ári leitað til móttökunnar.**

**Hópnauðgunum hefur ekki fjölgað marktækt frá aldamótum.** Fimmtán leituðu til Neyðarmóttökunnar á síðasta ári vegna hópnauðgunar en 2007 var metár þar sem **23 leituðu til Neyðarmóttökunnar vegna kynferðisbrots** þar sem gerendur voru fleiri en einn.

**75** skýrslur voru teknar af börnum í Barnahúsi árið 2015 vegna kynferðisofbeldis. Árið 2013 voru málin 96.

**Sakfellt hefur verið í 32 málum þar sem stúlku á aldrinum 13-17 ára var nauðgað** frá stofnun Hæstaréttar og til 1. ágúst 2015
***Samkvæmt rannsókn Svölu Ísfeld Ólafsdóttur frá 2015***

**35%** gerenda í þeim málum sem sakfellt var í fyrir Hæstarétti eru yngri en 19 ára.



## Þröngt um Neyðarmóttökuna í Fossvogi

Neyðarmóttakan er hýst í einu litlu herbergi inn af bráðamóttökunni í Fossvogi. Í herberginu fer öll skoðun fram. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá þarf að eyða sýnum og sönnunargögnum eftir níu vikur vegna þess að skáparnir inni í herberginu eru eina rýmið sem móttakan hefur til að geyma gögnin og þeir vilja fyllast fljótt.

> **Með tilkomu netsins og klámsins er ofbeldið í eðli sínu alltaf að verða grófara.**



Eyrún Jónsdóttir, verkefnastjóri Neyðarmóttökunnar

# 30% VILDARAFSLÁTTUR ALLAR ERLENDAR BÆKUR




Harry Potter and the Chamber of Secrets (myndskreytt)
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-




The Whistler
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




Lego - The Book of Knights
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-




Vegan Chocoholic
**VILDARVERÐ: 3.359.-**
Verð: 4.799.-




A Game of Thrones (myndskreytt)
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.999.-




Great City Maps
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




Bob Dylan - Chronicles
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




Nasty Galaxy
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




The Art of Hygge
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-




Nordic Painting
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-




Absolutely on Music
**VILDARVERÐ: 3.009.-**
Verð: 4.299.-




Tokyo Cult Recipes
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð: 5.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 17. nóvember, til og með 20. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Pólitískt annríki í byrjun nýs vetrar

Mikið gengur á í pólitíkinni þessa dagana. Forystumenn tveggja stjórnmálaflokka á Alþingi hafa nú fengið umboð til að spreyta sig á stjórnarmyndun úr hendi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands.
Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, skilaði umboðinu eftir að viðræður hans við Bjarta framtíð og Viðreisn höfðu siglt í strand.
Katrín Jakobsdóttir hefur lýst því yfir að hún vilji mynda umbótastjórn frá miðju til vinstri. Hún fundaði með formönnum flokkanna á Alþingi í gær. Ljósmyndarar Fréttablaðsins hafa fylgst með atburðarásinni.



Birgitta Jónsdóttir, Einar Brynjólfsson og Smári McCarthy, umboðsmenn Pírata, mættu bjartsýn og spennt til viðræðnanna við Katrínu Jakobsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ræðir við fjölmiðlafólk. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Bjarni Benediktsson hafði reynt að mynda ríkisstjórn í hálfan mánuð áður en viðræðurnar sigldu í strand. Hann skilaði umboðinu á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Katrín Jakobsdóttir fundaði með formönnum flokkanna í forsetaherberginu í Alþingishúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, þurfti að bíða í röðinni til að ná fundi Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# GEFÐU GÓÐAR MINNINGAR Í JÓLAGJÖF!



Allir kunna að meta tækifærið til að komast í góða ferð, hvort sem það er sólarferð, borgarferð, golfferð, skíðaferð eða sigling, enda skapar skemmtilegt ferðalag minningar sem þú geymir alla ævi.

Gjafabréf Heimsferða er frábær gjöf handa þeim sem þú vilt gleðja eða koma á óvart með gjöf sem er í senn hagnýt, skemmtileg og sveigjanleg. Unnt er að nota eitt gjafabréf á mann á nýjar bókanir en gjafabréfin gilda í 2 ár frá útgáfudegi. Síðasti söludagur gjafabréfa er 24. desember.

**Kauptu 5.000 kr. gjafabréf**
og þú færð andvirði **7.000 kr.**

**Kauptu 10.000 kr. gjafabréf**
og þú færð andvirði **15.000 kr.**

**Kauptu 20.000 kr. gjafabréf**
og þú færð andvirði **30.000 kr.**

**Gjafabréf Heimsferða er tilvalin jólagjöf fyrir alla þá sem langar að ferðast.**

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM65547

# Ástand heimsins










**1.** Þrjár Palestínukonur sitja á bekk á ströndinni á Gasa og fylgjast með hafrótinu. NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Kínverski uppfinningamaðurinn Wu Yulu lætur eitt af vélmennum sínum draga sig á vagni í Tongzhou-héraði í útjaðri höfuðborgarinnar Peking. Wu er 54 ára, með barnaskólamenntun, og hefur undanfarin 30 ár búið til 63 vélmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3.** Hópur fólks safnaðist saman í Los Angeles á miðvikudagskvöld til að mótmæla því að Donald Trump hafi gert Steve Bannon að helsta ráðgjafa sínum um stefnumótun, en Bannon er fyrrverandi stjórnandi fréttavefsins Breitbart News þar sem málstaður harðskeyttra hægri þjóðernissinna var í hávegum hafður. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Listamaðurinn og aðgerðasinninn Fahmi Reza festir ásamt vini sínum veggspjald með skopteikningu upp á vegg í Kúala Lúmpúr í Malasíu. Reza var í sumar ákærður fyrir að gera grín að forsætisráðherranum, Najib Razak. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA







# *Lækkað verð í nóvember – með kaupauka*




**KAUPAUKI**

**Ný vetrardekk frá Nokian komin undir og sumardekkin í skottið.**

Verðmæti kaupauka:
**298.000 kr.**

## FORD EDGE TITANIUM S AWD DÍSIL
## STÓRT SKOTT OG MIKIÐ INNANRÝMI

Edge er stærsti fjórhjóladrifni jeppinn í sínum flokki með risastórt farangursrými og ótrúlegt innanrými. Hann er kraftmikill, búinn 210 hestafla dísilvél og dregur auðveldlega ferðavagn fjölskyldunnar um ótroðnar slóðir enda er vel hátt undir lægsta punkt.

Ford Edge er sannkallaður lúxusbíll með tölvustýrðri loftkælingu og leðuráklæði á sætum, bakkmyndavél, sítengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Edge.

## TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD EDGE TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL FRÁ 8.590.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI TIL 26. NÓVEMBER**

FRÁ **7.990.000** KR.

**Upplifðu frábæra akstursheiginleika Ford Edge AWD**
**- komdu núna og tryggðu þér Edge AWD á vetrarverði með kaupauka**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Atvinnulífið og vextirnir



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Margir innan fjármálakerfisins og í atvinnulífinu urðu fyrir vonbrigðum þegar Seðlabankinn hélt stýrivöxtum sínum óbreyttum. Mat Seðlabankans sjálfs er að hann sé í hlutlausum gír.

Vaxtamunur milli Íslands og annarra landa er sögulega mjög hár. Hann hefur að jafnaði verið um þrjú prósent, en er nær fimm prósentum nú. Þetta er augljóslega erfiður biti að kyngja fyrir atvinnulífið. Þegar við bætist hækkun launakostnaðar og hátt raungengi, þá reynist það útflutnings- og samkeppnisgreinum þungur baggi.

Því verður ekki á móti mælt að vaxtamunurinn skýrist af því að hagvöxtur hér er mun meiri en í nágrannalöndunum. Það er líka skiljanlegt að Seðlabankinn stígi varlega til jarðar þegar horft er til nokkurra óvissuþátta svo sem kjarasamninga í kjölfar ákvörðunar kjararáðs og svo því hvaða stefna verður rekin í ríkisfjármálum þegar tekist hefur að mynda ríkisstjórn.

Kostnaður fyrirtækja skiptist gróflega í þrennt: launakostnað, hráefniskostnað og fjármagnskostnað. Hlutföllin eru mismunandi eftir eðli rekstrar. Hráefniskostnað er erfitt að hafa áhrif á nema með stærðarhagkvæmni og magnkaupum. Þar standa fyrirtæki í litlu hagkerfi eins og Íslandi ekkert sérstaklega vel að vígi, auk þess sem í mörgum tilvikum bætist við flutningskostnaður vegna fjarlægðar frá stórum mörkuðum.

Eftir miklar launahækkanir, hátt raungengi og háa vexti er launa- og fjármagnskostnaður í hæstu hæðum. Þetta þýðir að samkeppnishæfnin verður lítil og keppinautar sem búa við lægri launakostnað og lægri vexti standa sem þessu nemur betur að vígi.

Þegar við þetta bætist að lítil mynt getur orðið sjálfstæður sveifluvaldur og gert fyrirtækjum erfitt fyrir að gera raunhæfar áætlanir, þá er erfitt að finna kosti þess að reka hér fyrirtæki sem hægt væri að reka annars staðar.

Það er því ekki á ófyrirsynju að Samtök atvinnulífsins kalla eftir umræðu stjórnmála og Seðlabanka um vexti og Viðskiptaráð haldi fund um stjórn peningamála. Þetta eru úrlausnarefni sem mikilvægt er að takast á við á næstu árum.

Seðlabankastjóri hefur réttilega bent á að dæmin sanna að ekki skipti máli hvort horft er á fastgengi eða verðbólgumarkmið. Illa útfærð stefna og lausatök í ríkisfjármálum munu alltaf leiða til vondrar niðurstöðu.

Hitt er svo að samtal um peningamálastefnu, til dæmis um myntráð eins og Viðreisn hefur lagt til, myndi kalla á umræður um hvað þyrfti til þess að slíkt kerfi fengi staðist. Augljósa svarið við því er að ró væri á vinnumarkaði og nærtækast er að að horfa til norræna Salek-módelsins. Hitt er auðvitað öfugð ríkisfjármál. Til þess að þetta náist þarf þroskaðri orðræðu en við eigum að venjast, byggða á staðreyndum.

> **Þegar við þetta bætist að lítil mynt getur orðið sjálfstæður sveifluvaldur og gert fyrirtækjum erfitt fyrir að gera raunhæfar áætlanir, þá er erfitt að finna kosti þess að reka hér fyrirtæki sem hægt væri að reka annars staðar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Margur heldur mig sig**

Leiðtogar allra flokka hittu Katrínu Jakobsdóttur að máli í Alþingishúsinu í gær. Mættu þeir hver á fætur öðrum í stærðarröð til Katrínar. Það mun svo koma í ljós á næstu dögum hvort hægt verður að mynda ríkisstjórn undir stjórn formanns VG. Katrín sagðist bæði raunsæ og bjartsýn hvað framhaldið varðar. Nú mun svokallað Lækjarbrekkubandalag auk Viðreisnar líkast til tala saman um myndun meirihluta. Það skýtur kannski skökku við að Katrín skuli kalla flokkana einn og einn til sín í þinghúsinu í gær, hafandi verið eini formaðurinn sem gagnrýndi sama skipulag Pírata á Lækjarbrekku.

**Þriggja flokka ríkisstjórn?**

Svo gæti farið að ríkisstjórn VG verði í fyrstu fimm flokka ríkisstjórn VG, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Viðreisnar. Yrði það í fyrsta skipti sem fimm flokkar mynduðu með sér starfhæfa ríkisstjórn hér á landi. Líklegt þykir þó að flokkum í ríkisstjórn fækki á kjörtímabilinu. Oddný Harðardóttir hefur gefið undir fótinn með að sameinast þingflokki VG. Sagði hún þurfa stóran jafnaðarflokk til að gera grundvallarbreytingar. Einnig hefur tilhugalíf Bjartrar framtíðar og Viðreisnar verið með þeim ágætum að óeðlilegt þyki annað en að parið hefji sambúð hið allra fyrsta.

sveinn@frettabladid.is

# „Computer says no“



Ólafur Ragnarsson
óperusöngvari og tónlistarkennari

Nú hafa tónlistarskólakennarar verið samningslausir í meira en ár og ekkert bólar á því að nýr samningur sé á næsta leiti.

Eftir fimm vikna verkfall árið 2014 var skrifað undir samning til eins árs, einhvers konar vopnahléssamning, og áttu viðræður að halda áfram samkvæmt viðræðuplani. Ekkert hefur því miður miðað í þessum viðræðum við sveitarfélögin.

**Hampa okkur á tyllidögum**

En við hverja erum við tónlistarskólakennarar að semja? Eru það ekki hinir kjörnu fulltrúar sem við kjósum á fjögurra ára fresti? Þeir sömu og hampa okkur á tyllidögum þegar við mætum á viðburði með söngvarann, lúðrasveitina, kammersveitina o.s.frv. í okkar samfélögum. Eða erum við að semja við óhagganlegt „kerfi embættismanna“, lesist Samband íslenskra sveitarfélaga?

Er það ekki hentugt fyrir hina kjörnu fulltrúa að vísa ábyrgðinni yfir á eitthvert samband sem tekur að sér að vera vondi kallinn og snúa sér svo að þeim sem kusu þá og segjast hafa skilning á kröfum þeirra? Til hvers var þá verið að færa þessi málefni yfir í nærsamfélagið á sveitarstjórnarstigi? Eru hinir kjörnu fulltrúar okkar ekki kosnir til þess að útdeila og forgangsraða í þágu nærsamfélagsins?

**Ekkert sem þeir geta gert**

Á þessu ári hafa bæði Bretar og Bandaríkjamenn kosið að hafna hinu andlitslausa embættismannakerfi. Brexit og kosning DonaldsTrump er kall á breytingar og lýsir þreytu á kerfi sem fríar kjörna fulltrúa ábyrgð. Svörin sem við fáum frá hinum kjörnu fulltrúum eru á þá leið að það sé ekkert sem þeir geti gert. Erum við að stefna í sömu átt, er þetta framtíðin? Ætla hinir kjörnu fulltrúar okkar að skýla sér á bak við frasann „computer says no“?

> **Ætla hinir kjörnu fulltrúar okkar að skýla sér á bak við frasann „computer says no“?**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Vonleysið í nóvember

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Það læðist stundum að mér sú hugsun að það geti verið að Ísland, þessi dásamlega eyja okkar, sé—þegar öllu er á botninn hvolft—bara alls ekki byggileg. Það sé bara misskilningur að náttúra Íslands og hnattstaða henti nógu vel fyrir okkar dýrategund. Kannski er þetta bara ein langvarandi lygasaga íslenskra þverhausa að mannlíf geti þrifist hér á hjara veraldar. Reyndar læðist þessi grunur alls ekki oft að mér. En það gerist þó einna helst í nóvembermánuði.

**Sigur ljóssins**

Síðhaustið og snemmveturinn geta verið okkur Íslendingum mjög erfiðir. Það dimmir hratt. Morgnarnir eru myrkir og nístandi—og við vitum að morgundagurinn verður ennþá styttri og kaldari. Ég skal að minnsta kosti játa að ég hef meiri tilhneigingu til þess að vorkenna sjálfum mér í nóvember heldur en öðrum mánuðum. Mér finnst allt þyngra og erfiðara. Ég á erfiðara með að sofna á kvöldin og vakna á morgnana. Mér finnst erfiðara að finna skemmtilega tónlist á Spotify, góða þætti á Netflix, hafnaboltatímabilið er búið, það er orðið of kalt og dimmt til þess að grilla og það er ekki tímabært sökkva sér á kaf í jólaundirbúninginn. En, eins og sannur Íslendingur, þá bítur maður á jaxlinn og bíður af sér óþægindin í þeirri vissu að eitthvað betra sé handan við hornið.

Nóvembermánuður er eins og raun sem við þurfum að þola í stutta stund áður en veröldin færir okkur aftur heim sanninn um að hún hafi upp á meira og betra og bjóða. Ef okkur tekst að þrauka þennan mánuð þá erum við verðlaunuð með tilhlökkun jólanna, þegar við segjum gangi himintunglanna stríð á hendur og neitum myrkrinu um vald sitt. Við lýsum upp heimili okkar og umhverfi og ákveðum að vera glöð og bjartsýn. Við vitum að eftir jólin gengur möndulhalli jarðarinnar til liðs við okkur á ný og jafnvel í verstu vetrarveðrunum getum við huggað okkur við að sólin er smám saman að sigra.

**Litlu hlutirnir**

Þegar maður liggur í rúminu sínu á nóvemberkvöldum og vorkennir sjálfum sér þá ætti maður auðvitað líka að reyna að vera þakklátur fyrir litlu hlutina í lífinu. Ég er til dæmis þakklátur fyrir að hafa ekki þurft að hafa áhyggjur af því í gærkvöldi þegar ég fór að sofa að einhvern tímann um nóttina gæti lögreglan bankað upp á hjá mér, ruðst inn til mín, hent dótinu mínu ofan í ferðatöskur og svarta plastpoka, dregið svo grátandi börnin mín og konuna mína út í lögreglubíl og þvingað okkur öll um borð í flugvél á leiðinni á ókunnan áfangastað í útlöndum og skilja okkur þar eftir með svörtu plastpokana í biðröð til þess að láta skrásetja okkur á einhverjum öðrum stað þar sem enginn vill neitt með okkur hafa.

Þegar ég skrifa þetta á fimmtudegi get ég ekki vitað hvað gerðist í nótt. Ég veit ekki hvort einhverjum lögreglumönnum var fyrirskipað að beita ofbeldi ríkisins til þess að draga sex mánaða og tveggja ára börn sem fæddust á Íslandi út af heimilum sínum, eins og til stóð fyrr í vikunni. Ég hef ekki hugmynd um hvort ákvörðun Íslands um að hafna þessum börnum sé „lögfræðilega rétt niðurstaða“. Ég veit bara að hún er röng. Fyrir mér hafa þessi börn rétt sem er æðri lagatúlkunum og tölvuskráningum til þess að eiga sína fósturjörð.

**Að velja Ísland**

Fólk sem hrekst hingað, af ýmsum ástæðum, hefur lagt á sig mikið erfiði og jafnvel lagt sig í umtalsverða hættu, til þess að gerast Íslendingar. Þetta fólk hefur með ákafa valið að deila með okkur dimmum nóvembermánuðunum. Þetta er meira en hægt er að segja um flest okkar hinna sem höfum aldrei þurft að hafa áhyggjur af því að vera rekin út á gaddinn af landinu sem ól okkur.

> **Fyrir mér hafa þessi börn rétt sem er æðri lagatúlkunum og tölvuskráningum til þess að eiga sína fósturjörð.**

Valdbeitingin sem á sér stað þegar fólk er dregið út af heimilum sínum er ljót, en það er gott að hún sé orðin sýnilegri, því það eykur samúð okkar með bæði varnarlausa fólkinu og blessuðum lögregluþjónunum sem er fyrirskipað að framkvæma aðgerðirnar. Maður hlýtur að spyrja sig hvort það sé leggjandi á okkar góðu lögreglumenn og -konur að senda þau um miðjar nætur til þess að draga grátandi börn út af heimili sínu til þess að senda þau með ofbeldi burt frá eina föðurlandinu sem þau eiga.

Ísland er svo sannarlega byggilegt. Besta sönnun þess er vitaskuld sú að til er fólk sem keppist við að gera það að heimili sínu. Vonandi fá þau Jónína, Hanef og foreldrar þeirra frið til þess að eiga sér framtíð með okkur á þessari dásamlegu eyju.


# Ævisaga Ladda

**Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja**

Í hálfa öld hefur íslenska þjóðin talið sig þekkja út í hörgul fyrirbærið sem um 70 ára skeið hefur gengið undir regnhlífarheitinu Laddi.

En hver er Laddi?




Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram „þróunarkenning“ um manninn, sem kom okkur til að hlæja, ritað af Gísla Rúnari Jónssyni.

*„Þessa einlægu, skemmtilegu og fyndnu bók er varla hægt að leggja frá sér fyrr en maður er búinn með hana. Einlægasta og fallegasta ævisaga sem ég hef lesið. Elski maður leikarann og skemmtikraftinn Ladda fyrir lesturinn, elskar maður manneskjuna Ladda eftir lesturinn.“*
***- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur***

*„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl.“*
***- Edda Björgvinsdóttir leikkona***

MYNDFORM

netto

# Veislan byrjar hjá okkur

-23%

NAUTAHAKK
8-12% - 500G
~~ÁÐUR: 898 KR/PK~~
**691 KR PK**

HUMAR SKELBROT
1 KG BLANDAÐ
~~ÁÐUR: 3.898 KR/PK~~
**3.391 KR PK**

-25%

PÍTUBUFF 6X60 GR.
MEÐ BRAUÐI
~~ÁÐUR: 1.598 KR/PK~~
**1.199 KR PK**

-20%

LAMBAMJAÐMASTEIK
ÚRBEINUÐ - FROSIN
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**2.398 KR KG**

HUMAR 2KG. ASKJA
~~ÁÐUR: 9.998 KR/PK~~
**8.798 KR PK**

## Grænkera skyndiréttir

GRANDIOSA PIZZUR
5 TEGUNDIR
~~ÁÐUR: 789 KR/STK~~
**598 KR STK**

QUORN GRÆNKERA
SKYNDIRÉTTIR
- 4 TEGUNDIR
~~ÁÐUR: 699 KR/PK~~
**499 KR PK**

ÝSUBITAR 1KG
~~ÁÐUR: 1.698 KR/PK~~
**1.579 KR PK**

998KR

KJÖTBOLLUR
FORSTEIKTAR 900G
**998 KR PK**

MYLLU KANILSNÚÐAR
25% MEIRA MAGN
~~ÁÐUR: 296 KR/PK~~
**296 KR PK**

## Jóladagatölin eru komin

SCHLEICH
JÓLADAGATAL
**3.989 KR STK**

SÚKKULAÐI DAGATÖL
VERÐ FRÁ:
**199-598 KR STK**

**Tilboðin gilda 18. – 20. nóvember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




-40%

BAYONNESKINKA
ÁÐUR: 1.996 KR/KG
1.198 KR KG



KALKÚNN HEILL - FROSINN
STÆRÐ: 4,6 KG, 5,4 KG, 6,6 KG, 7,2 KG
998 KR KG

Ljúffengt og framandi



-20%

DÁDÝRAVÖÐVAR
NÝJA SJÁLAND - FROSIÐ
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
3.198 KR KG



-25%

DÁDÝRALUNDIR FROSNAR
ÁÐUR: 7.298 KR/KG
5.474 KR KG



KALKÚNABRINGUR
ERLENDAR - FROSNAR
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
1.998 KR KG



ANDABRINGUR
FRANSKAR - FROSIÐ
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
2.698 KR KG



ANDALEGGUR LÆRI
2 STK SAMAN - FROSIÐ
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
1.598 KR KG




KLAKI 2L,
KOLSÝRT VATN - LIME - SÍTRÓNU
ÁÐUR: 169 KR/STK
149 KR STK

Rauð vínber



-50%

VÍNBER RAUÐ KG
ÁÐUR: 898 KR/KG
449 KR KG

Frábært úrval af jólasælgæti!




MACKINTOSH
1.315 GR. DÓS
1.999 KR STK

CELEBRATIONS
DÓS 750 GR.
ÁÐUR: 2,398 KR/KG
1.999 KR STK

AFTER EIGHT
300 GR.
499 KR STK




# Kjarabarátta tónlistarkennara er barátta okkar allra!



**Aðalheiður Steingrímsdóttir**
varaformaður Kennarasambands Íslands

Tónlistarskólakennarar hafa nú verið samningslausir í rúmt ár og þó að þeir hafi vísað kjaraviðræðum sínum til sáttasemjara hefur ekkert orðið til að hreyfa við þeim. Svo mánuðum skiptir hefur samninganefnd sveitarfélaga daufheyrst við eðlilegum og sanngjörnum óskum kennara og stjórnenda í tónlistarskólum um að laun þeirra verði leiðrétt til samræmis við kjör sambærilegra hópa.

Það eina sem samninganefnd sveitarfélaga hefur lagt á borðið á undanförnum mánuðum viðheldur óréttlætanlegum launamun milli tónlistarskólakennara og annarra sambærilegra hópa. Það sem mætir tónlistarskólakennurum við samningaborðið er þöggun og ótrúlegt metnaðarleysi í garð tónlistarskólanna.

Það vantar ekkert upp á fögru orðin um mikilvægi tónlistarskóla fyrir blómlegt tónlistarlíf í landinu og um allt frábæra tónlistarfólkið sem ber hróður íslensks tónlistarlífs út um heiminn og sem á þátt í að laða þúsundir ferðamanna til landsins. En þegar talið berst að því hvernig búið er að skólunum sjálfum og þeim sem þar starfa kemur annað hljóð í strokkinn. Þá daprast viljinn til að meta að verðleikum það grundvallarstarf sem fram fer í tónlistarskólum landsins.

Himinhrópandi tómlæti ríkir í garð tónlistarmenntunar þrátt fyrir fögur orð um gildi hennar.

Stefna sveitarfélaga er að sambærileg og jafnverðmæt störf eigi að launa með sama hætti. Er ekki er hægt að segja að það háttalag sem viðsemjandinn hefur sýnt af sér við samningaborðið svo mánuðum skiptir sé í samræmi við þessa stefnu. Er ekkert að marka þessa stefnu? Er þessi samningapólitík sem rekin er við samningaborðið að vilja stjórnar Sambands sveitarfélaga og sveitarfélaga landsins? Er það vilji þeirra að störf tónlistarskólakennara eigi að meta minna en annarra kennarahópa? Er það þeirra skoðun að störf tónlistarskólakennara séu minna virði en annarra hópa í kennarasamtökum landsins? Þeir sem bera pólitíska ábyrgð á samningaviðræðunum þurfa strax að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Í aðdraganda nýafstaðinna alþingiskosninga spurðu kennarasamtökin stjórnmálaframboðin um afstöðu þeirra til mats á menntun og störfum tónlistarskólakennara til launa samanborið við aðra sambærilega kennarahópa. Í svörum flokkanna sem nú eiga sæti á þingi segir þetta um málið:

Björt framtíð: Menntun skili sér í launaumslagið. Tónlistarkennarar eru með áralangt nám að baki sér sem gerir þá að sérfræðingum í sínu fagi. Það ber að virða. Framsókn: Eðlilegt að launakjör kennara sem kenna á sama skólastigi (aldursbili) séu sambærileg og byggð á sambærilegum grunni. Píratar: Sambærileg menntun og starf = sömu grunnlaun. Þetta eru augljós réttindi. Samfylking: Tónlistarkennarar séu metnir að verðleikum varðandi laun og önnur starfskjör. Það er eðlilegt að tónlistarkennarar njóti kjara sem standast jöfnuð við kjör kennarahópa með sambærilega menntun. Sjálfstæðisflokkur: Eðlilegt að fólk fái greitt sambærileg laun fyrir sambærileg störf. Viðreisn: Tónlistarkennarar ættu ekki að búa við lakari kjör en sambærilegir kennarahópar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð: Tryggja tónlistarskólakennurum laun í samræmi við menntun og sérhæfingu.

> **Það vantar ekkert upp á fögru orðin um mikilvægi tónlistarskóla fyrir blómlegt tónlistarlíf í landinu og um allt frábæra tónlistarfólkið sem ber hróður íslensks tónlistarlífs út um heiminn og sem á þátt í að laða þúsundir ferðamanna til landsins.**

Framboðin sem nú eiga sæti á þingi eiga flest fulltrúa í sveitarstjórnum um allt land.

Kennarasamtökin gera þá kröfu að þeir beiti sér strax fyrir því að sveitarfélögin í landinu veiti samninganefnd sinni skýlaust umboð til að ganga strax til samninga við tónlistarskólakennara um eðlilegar og sanngjarnar launaleiðréttingar.

Kennarasamtökin krefjast þess að tónlistarskólunum verði gert kleift að halda uppi gæðastarfi í þágu nemenda og tónlistarlífsins í landinu. Framtíð tónlistar á Íslandi er undir því komin að vel sé búið að tónlistarskólunum, kennurum og stjórnendum þeirra.

Störf þeirra á að meta að verðleikum.

# Áramótateiti Trumps?



**Hulda Vigdísardóttir**
íslenskufræðingur

Í augum margra er hann faðir minn sannkallaður ævintýramaður. Óútreiknanlegur og spennandi. Hann starfar sem leiðsögumaður og er alltaf með annan fótinn á Íslandi en hinn, tja, einhvers staðar annars staðar. Hann er fljótur að kynnast nýju fólki og þó hann sjálfur hleypi ekki hverjum sem er að sér (og í raun afar fáum) lítur fjöldi fólks um allan heim á hann sem trúnaðarvin og segir honum jafnvel sín dýpstu leyndarmál.

Í gegnum árin hef ég oft verið spurð hvar pabbi sé staddur og hvað hann sé að gera: „Oh! Hvað er hann pabbi þinn að bralla skemmtilegt núna? Hvar í heiminum er hann? Hvað er hann að gera þar? Hvað ætlar hann svo að gera næst? Veistu það? Verður hann eitthvað á Íslandi á næstunni? Það er alltaf svo spennandi að fylgjast með honum!“ Og þó ég hafi e.t.v. ekki alltaf verið ýkja hrifin af lítilli viðveru hans hér heima og stöðugu spurningaflóði ættingja og vina, hefur spennandi líferni hans oft veitt mér innblástur og ég fengið að ferðast mikið og kynnast heiminum á annan hátt en margir jafnaldrar mínir.

Fyrir rúmu ári síðan tók pabbi á móti bandarískum hópi ferðamanna í Leifsstöð og fór með þeim í tíu daga ferð í kringum landið. Í þessum hópi var áttræð ekkja frá Manhattan sem ákvað strax á fyrsta degi ferðar að kynnast Íslandi enn betur og koma aftur að ári liðnu. Þá ákvörðun stóð hún við og í sumar ferðuðust þau pabbi um landið og skoðuðu alla króka og kima. Þar sem eitt helsta áhugamál pabba er alþjóðastjórnmál, barst talið eitt kvöldið að forsetakosningum Bandaríkjanna 2016. Eitt leiddi af öðru og áður en pabbi vissi af var honum boðið í heimsókn til Bandaríkjanna.

## Afþakkaði heimboðið

En þetta heimboð var ekki bara hvenær sem er, hvert sem er né heldur í hvaða erindagjörðum sem er. Nú stóð pabba skyndilega til boða að heimsækja blómafylkið Flórída, vetrardvalarstað ekkjunnar, um áramótin. Og nei, ekki stóð til að spranga léttklædd um á ströndinni með sólgleraugu á nefinu, né heldur myndataka með Mikka mús, ef út í það er farið. Honum var hér með formlega boðið í áramótateiti einhvers umdeildasta manns okkar daga, Donalds Trump.

> **Hann verður á Snæfellsnesi að gæta steinasafns vinar síns og var sko ekki lengi að afþakka heimboðið til Flórída þegar hann vissi hver héldi veisluna.**

Svo hvar er pabbi? Hvað er hann að bralla skemmtilegt núna? Og hvar í veröldinni verður hann um næstu áramót? Situr hann tveimur borðum frá verðandi forseta Bandaríkjanna og bíður eftir litríkri flugeldasýningu til marks um að árið 2017 sé gengið í garð? Árið sem Trump tekur við forsetaembætti eins valdamesta ríkis heims nú á dögum. Árið sem margir óttast. Árið sem allt getur gerst.

Nei, hann verður á Snæfellsnesi. Hann verður á Snæfellsnesi að gæta steinasafns vinar síns og var sko ekki lengi að afþakka heimboðið til Flórída þegar hann vissi hver héldi veisluna. Ég get því með stolti sagt að þessi áramót sé faðir minn steinasafnvörður á Snæfellsnesi. Hann er ekki gestur Trumps, hvorki í áramótateiti né annars staðar og ég vona að sem fæstir taki boðum hans næstu fjögur ár, allavega valdboðum hans.






PIPAR\TBWA \ RAFAEL PINHO \ KUKL \ MEDIALUX

# Við getum – Ég get



Þóra Þórsdóttir
hjúkrunarfræðingur

Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum VIÐ GETUM – ÉG GET.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar um þessar mundir 20 ára afmæli sínu og birtir á afmælisárinu röð greina undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands. Í þessari grein er fjallað um kynheilbrigði krabbameinssjúklinga.

Krabbamein er samheiti yfir marga sjúkdóma og þekkja flestir til einhvers sem hefur greinst með krabbamein eða hefur beina eða óbeina reynslu af þeim sjúkdómum. Í árslok 2014 voru um 13.000 einstaklingar á lífi á Íslandi sem greinst hafa með krabbamein. Krabbamein og krabbameinsmeðferðir geta valdið breytingum á lífi og lífsgæðum þess sem greinist og haft m.a. áhrif á kynheilbrigði einstaklingsins. Með kynheilbrigði er átt við líkamlega, sálræna og samfélagslega velferð eða vellíðan sem hefur með kynverund (sexuality) að gera. Rannsóknir sýna að um helmingur krabbameinsgreindra eiga við ýmiss konar kynheilbrigðisvandamál að stríða og er það eitt af algengustu langtímavandamálum þessa hóps.

### Áhrif krabbameins á kynheilbrigði

Mismunandi meðferðarkostir eru í boði fyrir einstaklinga sem greinast með krabbamein og fer meðferðin eftir eðli sjúkdómsins og er sérsniðin að hverjum einstaklingi. Sjúkdómurinn og meðferð hans tekur toll af einstaklingnum og oft eru aukaverkanir töluverðar af meðferð. Þegar kemur að kynheilbrigði einstaklinga er margt sem getur haft áhrif. Sjúkdómur í kynfærum getur valdið breytingum á kynfærunum sjálfum, taugum og/eða blóðflæði. Brottnám brjósts eða eistna, breytt útlit skapabarma eftir aðgerð eða ör á líkamanum geta valdið mikilli vanlíðan. Geta þessar breytingar haft áhrif á sjálfsöryggi og vellíðan og þ.a.l. á líkamsímynd og upplifun einstaklingsins af sér sem kynveru. En meðferð krabbameina sem ekki eru staðsett í kynfærum getur einnig haft veruleg áhrif á líkamsímynd og lífsgæði einstaklinga. Þar má telja þætti eins og þurrk í slímhúð, samgróninga í leggöngum, ristruflanir, getuleysi, verki, hárlos eða hármissi, ógleði, þreytu, þyngdarbreytingar, minni kynlöngun og minni ánægju í kynlífi. Andleg vanlíðan eins og þunglyndi og kvíði geta einnig haft mikil áhrif. Í kjölfar krabbameinsgreiningar getur samband sjúklings við maka breyst. Erfiðleikar í samskiptum, óöryggi og jafnvel hræðsla sjúklingsins eða makans við að gera eitthvað rangt getur komið í veg fyrir eðlilegt samband. Mörg pör eru hrædd við að sýna sambandi sínu og kynlífi áhuga í skugga alvarlegs sjúkdóms. Einstaklingar á barneignaraldri þurfa í ofanálag að takast á við þá staðreynd að þeir geti hugsanlega orðið ófrjóir að meðferð lokinni.

### Umræðan

Í marga áratugi hefur kynheilbrigði verið viðurkennt sem hluti af heilbrigði einstaklinga og þ.a.l. eitt af því sem heilbrigðisstarfsfólki ber að sinna. Þrátt fyrir það fá þessi málefni ekki næga athygli. Undanfarin ár hefur orðið vakning meðal heilbrigðisstarfsfólks á krabbameinsdeildum Landspítalans varðandi kynheilbrigðismál. Á árunum 2011-2013 sameinaðist hópur fagfólks með stuðningi lyfjafyrirtækjanna Novartis og Sanofi um verkefnið „Kynlíf og krabbamein“. Tilgangur þessa verkefnis var að stuðla að bættri þjónustu við krabbameinssjúklinga og að fræða starfsfólk. Boðið var meðal annars upp á sérhæfða þjónustu kynfræðings fyrir krabbameinssjúklinga sem eiga við kynheilbrigðisvandamál að stríða og er sú þjónusta í boði enn í dag. En betur má ef duga skal, því ennþá virðist þetta umræðuefni vefjast fyrir mörgum, jafnt sjúklingum sem heilbrigðisstarfsfólki. Mikilvægt er þó að hefja umræðuna strax við greiningu því upplýst samþykki sjúklings fyrir meðferð á m.a. að fela í sér fræðslu um áhrif sjúkdóms og meðferðar á kynheilbrigði.

VIÐ GETUM – haft áhrif með því að tala um kynheilbrigði, miðlað upplýsingum og verið opin og tilbúin til umræðu

ÉG GET – aflað mér upplýsinga og fræðslu frá fagfólki um kynheilbrigði og rætt um þessi mál á opinn hátt við maka minn og þá sem standa mér næst

**Heimildir:**
Þóra Þórsdóttir. (2012). Könnun á reynslu hjúkrunarfræðinga og lækna af því að ræða um kynlíf og kynlífsheilbrigði við krabbameinssjúklinga http://skemman.is/stream/get/1946/12154/30114/1/Þóra_Þórsdóttir.pdf
Jonsdottir, J. I., Zoëga, S., Saevarsdottir, T., Sverrisdottir, A., Thorsdottir, T., Einarsson, G. V., Gunnarsdottir, S. og Fridriksdottir, N. (2016). Changes in attitudes, practices and barriers among oncology health care professionals regarding sexual health care: Outcomes from a 2-year educational intervention at a University Hospital. European Journal of Oncology Nursing, 21, 24-30.
World Cancer Day http://www.worldcancerday.org/



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUN NÍELSSON

# Hugvitið verður í askana látið



Einar Mäntylä
verkefnisstjóri nýsköpunar hjá Háskóla Íslands

Öflug fjárfesting í rannsóknum og nýsköpun bætir samkeppnishæfni þjóða til að leysa þau stóru verkefni sem menn standa frammi fyrir á hverjum tíma. Þá gildir einu hvort um er að ræða rannsóknir eða nýjar lausnir í umhverfismálum, orkumálum eða heilbrigðismálum.“ „Mikilvægt er að ungt vel menntað fólk geti haslað sér völl og skapað sér starfsvettvang í rannsókna- og nýsköpunarstarfi hér á landi.“ Þetta er ekki væl í vísindamönnum í fílabeinsturni. Þetta er orðrétt tilvitnun í áherslur Samtaka atvinnulífsins.

„Menntun er undirstaða framþróunar og þekking er forsenda aukinnar framleiðni, velferðar og verðmætasköpunar.“ Þetta er ekki ákall rektora úr sveltu háskólaumhverfinu. Þetta er upphaf fréttar frá Samtökum iðnaðarins undir fyrirsögninni „Menntun er forsenda bættra lífskjara“.

Framþróun, velferð, verðmætasköpun og samkeppnishæfni hvílir á menntun og nýsköpun. Um þetta eru allir sammála, þar á meðal háskólar, rannsóknastofnanir, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök atvinnulífsins. Það er líklegt að nær allir aðilar íslensks samfélags myndu skrifa undir þessa lýsingu, jafnvel stjórnmálamenn – a.m.k. í aðdraganda kosninga. Saman er hægt að vera framúrskarandi. Það er svo allt annað með efndirnar því sporin hræða. Vísinda- og tækniráð, sem í sitja sjö (!) ráðherrar ríkisstjórnar á hverjum tíma, setur fram stefnu sem stjórnvöld sjálf síðan hunsa. Sína eigin stefnu. Er það nema von að fylgi stjórnmálaflokka sé á fleygiferð í leit að efndum?

### Ætlum við að fjarlægja hreyflana?

Breytingar síðustu 15 ára í samfélags- og tækniþróun eru meiri en 50 árin á undan sem var meiri en 1.000 árin þar á undan. Þróunin gerist ekki með jöfnum hraða heldur með hröðun. Sívaxandi hraði í tækni og framþróun samfélaga er drifinn áfram af órofa samfellu menntunar, rannsóknastarfs og nýsköpunar. Þetta vita allar viðmiðunarþjóðir okkar og segja upphátt að samfellan sé lykillinn að samkeppnishæfni (ekki bara framleiðni heldur lífsgæðum, hamingju og mannauði). Það er GALIÐ að vilja ekki halda í við aðrar þjóðir í þessum efnum! Og það skilur æ hraðar á milli. Á meðan við höldum í sveltu horfinu sem hálfdrættingar í framlögum til háskóla á við Norðurlöndin, eru aðrar þjóðir að reyna að halda í við sífellt hraðari framþróun og bæta því stöðugt í. Það gefur augaleið að þetta fer illa ef menn ranka ekki við sér.

Á Íslandi ríkir enn auðlindadrifið hagkerfi 20. aldarinnar með efnahagsstöðugleika sem er háður gæftum, veðri og vindum á fiskimiðum, eða ál- og orkuverði á heimsmörkuðum. Annað er takmörkuð auðlind, á hinu höfum við enga stjórn. Ef svo fer fram sem horfir mun unga fólkið áfram sækja sér menntun, bara erlendis, og ástæðum til að koma heim fjölgar ekki. Spennandi störf, starfsframi og tækifæri bjóðast erlendis. Það er ekki lengur hægt að gera ráð fyrir því að mannauðurinn skili sér heim af fjölskylduástæðum. Það er beint flug til um 80 áfangastaða svo það er lítið mál að fljúga reglulega heim til að heilsa upp á gamla settið á skerinu, bara þægilegra en að flytja heim. Nema ef vera skyldi að heilbrigðiskerfið verði orðið svo illa mannað að þú verðir að flytja heim til að annast foreldrana. Við klúðruðum bankakerfinu ævintýralega, nú er mennta- og heilbrigðiskerfið að nálgast brúnina í eftirskjálftum hrunsins.

Menntakerfi er ekki einhver kostnaðarliður á fjárlögum heldur fjárfesting sem skilar margvíslegum arði. Svo vitnað sé í Barack Obama: „Að mæta halla á fjárlögum með því að skera niður nýsköpun og menntun er eins og að létta þunghlaðna flugvél með því að fjarlægja hreyflana. Vélin gæti svifið hærra tímabundið en fyrr en varir kemur skellurinn.“ Megi nýrri ríkisstjórn farnast vel í starfi.

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG HOLTAGARÐAR
AKUREYRI ÍSAFJÖRÐUR






## **PHOENIX** 2ja sæta sjónvarpssófi

Stillanlegur sjónvarpssófi. Svart, brúnt og grátt leður á slitflötum.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

Aðeins **134.925 kr.**

## **PHOENIX** 3ja sæta sjónvarpssófi

Rafdrifinn sjónvarpssófi. Svart, brúnt og grátt leður á slitflötum.

**Fullt verð: 279.900 kr.**

Aðeins **209.925 kr.**

## **TUCSON HÆGINDASTÓLAR** – 5 LITIR



### TUCSON POWER
hægindastóll **rafdrifinn**



**20%** AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt og grátt leður á slitflötum. Stærð: 85x90x104 cm.
**Fullt verð: 129.900 kr.**

Aðeins **99.920 kr.**

### TUCSON
hægindastóll

**20%** AFSLÁTTUR



Stillanlegur hægindastóll. Ekta leður á slitflötum. Fimm litir. Stærð: 85x90 H: 104 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.900 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast



Helena Sverrisdóttir hefur verið frábær með íslenska landsliðinu undanfarin ár og það verður fróðlegt að sjá hvernig liðið spjarar sig án hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



# Fyrsti leikur án Helenu í tólf ár

**Kvennalandsliðið í körfubolta er mætt til Slóvakíu fyrir leik í undankeppni EM. Tveir leikmenn liðsins voru aðeins sex ára að aldri þegar íslenska landsliðið lék síðast án Helenu Sverrisdóttur í mótsleik.**

**KÖRFUBOLTI** 31. júlí 2004 var sögulegur fyrir íslenska kvennalandsliðið því þá lék Anna María Sveinsdóttir síðasta landsleikinn sinn. Það er samt ekki það eina sem gerir þennan leik í fjallaríkinu Andorra sögulegan. Þetta var einnig síðasti keppnisleikur íslenska landsliðsins án Helenu Sverrisdóttur eða þar til í Slóvakíu á morgun.

Íslenska kvennalandsliðið er komið til Piestany í Slóvakíu þar sem liðið spilar næstsíðasta leik sinn í undankeppni EM 2017 á morgun laugardag. Lokaleikur liðsins er síðan á móti Portúgal í Laugardalshöllinni í næstu viku.

Landsliðsþjálfarinn Ívar Ásgrímsson fer ekkert í felur með hversu mikið munar um Helenu Sverrisdóttur sem var með 19,5 stig, 10,0 fráköst og 6,8 stoðsendingar í leik í fyrstu fjórum leikjunum.

### Hefur haldið uppi sókninni

„Við vitum það að við erum að missa gríðarlega góðan sóknarmann í Helenu. Hún hefur verið að halda uppi okkar sóknarleik, ekki bara með því að skora mikið heldur einnig með því að búa mikið til,“ segir Ívar.

„Það breytist mjög mikið hjá okkur. Við erum ekki með eins mikið af einstaklingsframtaki núna. Við þurfum að byggja mjög upp á liðsbolta þar sem stelpurnar eru að fría hver aðra og vinna saman. Stelpurnar þurfa að hreyfa sig miklu meira en þegar við vorum með Helenu,“ segir Ívar.

Helena Sverrisdóttir er nú í barnsburðarleyfi og því ekki með íslenska liðinu. Hún spilaði alla keppnisleiki Íslands frá því að hún var sextán ára gömul á Norðurlandamótinu 2004 þar til að hún, nú á 28 aldursári, leiddi íslenska liðið til sigurs á móti Ungverjalandi í febrúar síðastliðnum.

### Ekki byrjaðar í skóla

Tvær Keflavíkurstelpur spila fyrsta landsleikinn sinn á morgun en þær eru bara átján ára gamlar. Thelma Dís Ágústsdóttir og Emelía Ósk Gunnarsdóttir voru ekki byrjaðar í skóla þennan sumardag þegar Ísland mætti Lúxemborg á Promotion Cup í Andorra. Anna María Sveinsdóttir var stigahæst í kveðjuleiknum en hún fékk aldrei tækifæri til að spila við hlið Helenu í landsliðinu. Helena kom inn fyrir Önnu Maríu á Norðurlandamótinu í Arvika í Svíþjóð tæpum tveimur vikum síðar.

Frá 1. ágúst 2004 hefur Helena verið með í öllum 48 mótsleikjum íslenska landsliðsins. Enginn leikmanna íslenska liðsins á morgun hefur spilað keppnisleik án þess að hafa Helenu sér við hlið. Lykilleikmaður eins og Pálína Gunnlaugsdóttir hefur aldrei spilað landsleik án þess að Helena sé í byrjunarliðinu.

### Leiðinlegt að missa Helenu

„Það er mjög leiðinlegt að missa Helenu og hún er frábær leikmaður. Hún hefur verið stór partur af okkar sóknarleik en engu að síður þá opnast núna fleiri tækifæri. Við hinar verðum að grípa þau tækifæri,“ sagði Pálína sem leyfði sér aðeins að skjóta á samherja sinn til margra ára.

## Lenti í árekstri á vellinum en verður með

Gunnhildur Gunnarsdóttir, leikmaður Snæfells, er í hópnum sem ferðaðist til Slóvakíu og ætlar að spila leikinn þrátt fyrir að missa af síðasta leik vegna meiðsla. Hún lenti í svakalegu samstuði við Sigrúnu Sjöfn Ámundadóttur í leik Snæfells og Skallagríms fyrir níu dögum. „Ég er með áverka á hálsi eins og eftir bílslys. Þetta var bara árekstur í rauninni. Ég hef skánað helling síðustu vikuna og er bjartsýn,“ segir hún.




Nýliðar landsliðsins, Keflvíkingarnir Thelma Dís Ágústsdóttir og Emelía Ósk Gunnarsdóttir, eru báðar fæddar árið 1998. Þær voru því sex ára gamlar þegar Ísland lék síðast án Helenu Sverrisdóttur í keppnisleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Síðasti keppnisleikur íslenska kvennalandsliðsins þar sem Helena var ekki stigahæst íslensku stelpnanna var 26. ágúst 2009.

„Ef ég á að vera alveg hreinskilin þá fagna ég alveg pínu að fá fleiri skot en ég vona bara að hausinn verði rétt stillur og að ég setji þau niður. Ég held að þetta verði bara spennandi,“ segir Pálína. Hvort Pálína og félagar fái núna fleiri skot eins og hún grínaðist með á eftir að koma í ljós. Helena var vissulega mikið með boltann en hún dró líka mikið í sig. Hinar stelpurnar fengu því oft mikið pláss til að athafna sig. Nú þurfa aðrar að búa til vinnusvæðið fyrir bæði sig og aðra leikmenn. Helena spilaði nefnilega ekki aðeins alla þessa leiki heldur var hún í lykilhlutverki í liðinu.

### Stigahæst í 38 af 48 leikjum

Helena skoraði alls 875 stig í þessum 48 keppnisleikjum sem gera 18,2 stig í leik og 26 prósent allra stiga íslenska liðsins. Það má heldur ekki líta fram hjá öllum stoðsendingum hennar á liðsfélagana í þessum leikjum. Hún er með 233 stoðsendingar í leikjunum eða 4,9 að meðaltali í leik. Helena hefur verið stighæst í 38 af 48 leikjum á þessum tólf árum sem er önnur mögnuð staðreynd alveg eins og að það þurfi að fara aftur um sjö ár til að finna leik í keppni þar sem Helena Sverrisdóttir var ekki stigahæst í íslenska liðinu (26. ágúst 2009, Birna Valgarðsdóttir á móti Írlandi).

Það var alltaf vitað að það kæmi að þeim tímapunkti að Helena Sverrisdóttir væri ekki stödd fyrir landsliðið. Vonandi nýta stelpurnar sem núna eru í liðinu tækifærið til að vaxa og verða enn betri þegar Helena snýr aftur eftir barnsburðarleyfið.

Maður kemur að sjálfsögðu í manns stað og þrátt fyrir að Helena hafi fengið mikla athygli og mikið lof fyrir framgöngu sína síðustu ár þá verður mikilvægi hennar ekki aðeins mælt í góðri tölfræði. Nú geta mótherjarnir einbeitt sér að því að stöðva aðra leikmenn íslenska liðsins og það er alvöru próf fyrir þær sem eftir standa.

## Nýjast

### Domino's-deild karla í körfu

**ÍR - KR 78-94**

**ÍR**: Matthew Hunter 19, Matthías Orri Sigurðarson 14, Vilhjálmur Theodór Jónsson 12, Hjalti Friðriksson 12, Sveinbjörn Claessen 10, Hákon Örn Hjálmarsson 9, Daði Berg Grétarsson 2.
**KR**: Darri Hilmarsson 22, Brynjar Þór Björnsson 19, Sigurður Á. Þorvaldsson 18/10 fráköst, Cedrick Taylor Bowen 17, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 13, Pavel Ermolinskij 3/8/6.

**Snæfell - Skallagrímur 112-115**

**Snæfell**: Andrée Fares Michelsson 34, Sefton Barrett 31/11 frá., Geir Elías Úlfur Helgason 12, Árni Elmar Hrafnsson 9, Þorbergur Helgi Sæþórsson 9, Viktor Marínó Alexandersson 8.
**Snæfell**: Flenard Whitfield 42, Sigtryggur Arnar Björnsson 27, Magnús Þór Gunnarsson 15/6 fráköst, Darrell Flake 12/7 fráköst/5 stolnir, Eyjólfur Ásberg Halldórsson 9/6 fráköst, Bjarni Guðmann Jónson 4, Davíð Ásgeirsson 3.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 12 | Keflavík | 6 |
| KR | 12 | Skallagrímur | 6 |
| Grindav. | 8 | Þór Ak. | 4 |
| Tindast. | 8 | Haukar | 4 |
| Þór Þ. | 8 | ÍR | 4 |
| Njarðvík | 6 | Snæfell | 0 |

### Olís-deild karla í handbolta

**Haukar - Selfoss 40-30**

**Haukar - Mörk (skot)**: Adam Haukur Baumruk 11 (18), Daníel Þór Ingason 8 (9), Guðmundur Árni Ólafsson 5/1 (6/2), Heimir Óli Heimisson 4 (4), Jón Þorbjörn Jóhannsson 4 (5), Þórður Rafn Guðmundsson 3 (3), Janus Daði Smárason 3 (8/1), Elías Már Halldórsson 2 (5), Andri Heimir Friðriksson (2).
**Varin skot**: Giedrius Morkunas 10 (26, 38%), Grétar Ari Guðjónsson 9/1 (23/1, 39%),
**Selfoss - Mörk (skot)**: Elvar Örn Jónsson 8 (16), Sverrir Pálsson 5 (6), Einar Sverrisson 5 (10), Guðjón Ágústsson 4 (5), Hergeir Grímsson 3 (5), Einar Ólafur Vilmundarson 1 (1), Alexander Már Egan 1 (1), Árni Steinn Steinþórsson 1 (4), Magnús Öder Einarsson 1 (5), Teitur Örn Einarsson 1 (5/1), Eyvindur Hrannar Gunnarsson (1),
**Varin skot**: Helgi Hlynsson 9/2 (24/2, 38%), Einar Ólafur Vilmundarson 6 (31/1, 19%),

**Fram - Afturelding 28-38**

**Fram**: Arnar Birkir Hálfdánarson 9, Andri Þór Helgason 8, Siguður Örn Þorsteinsson 4.
**Afturelding:** Árni Bragi Eyjólfsson 10, Gestur Ingvarsson 7, Gunnar Þórsson 5.

**FH - Grótta 26-22**

**FH**: Einar Rafn Eiðsson 6, Arnar Freyr Ársælsson 6, Óðinn Þór Ríkharðsson 6, Jóhann Birgir Ingvarsson 4, Ágúst Birgisson 3.
**Grótta:** Finnur Ingi Stefánsson 6, Aron Dagur Pálsson 5, Elvar Friðriksson 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 18 | ÍBV | 11 |
| Haukar | 14 | Grótta | 9 |
| Valur | 14 | Fram | 9 |
| FH | 13 | Stjarnan | 9 |
| Selfoss | 12 | Akureyri | 7 |

**SARA BJÖRK SLÓ GLÓDÍSI ÚT**
Sara Björk Gunnarsdóttir og félagar í þýska liðinu Wolfsburg eru komnar áfram í átta liða úrslit Meistaradeildar kvenna í fótbolta eftir að þær slógu í gær út Glódísi Perlu Viggósdóttur og félaga hennar í Eskilstuna United, 8-1 samanlagt.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.50 | Stjarnan - Tindastóll | Sport |
| 19.40 | Brighton - Aston Villa | Sport2 |
| 19.50 | Keflavík - Grindavík | Sport |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 01.00 | NBA: Celtics-Warriors | Sport |

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Stjarnan - Tindast. | Ásgarður |
| 19.15 | Þór Ak. - Þór Þ. | Höllin Ak. |
| 20.00 | Keflavík - Grindavík | Keflav. |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 18. NÓVEMBER 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



MYND/EYÞÓR

# FLEIRI VILJA LEITA UPPRUNANS

Sjónvarpsþættirnir Leitin að upprunanum sem eru sýndir á Stöð 2 hafa vakið mikla athygli en þar fylgir Sigrún Ósk Kristjánsdóttir ættleiddum einstaklingum eftir í leit að upprunanum. Að sögn Kristins Ingvarssonar, framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar, hafa uppkomin ættleidd börn í auknum mæli leitað til félagsins með það í huga að feta sömu braut. Nýlega bárust fréttir af því að **færri börn séu ættleidd** á milli landa nú en áður. Skýringarnar eru fjölþættar.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar segir pólitískar, efnahagslegar og félagslegar ástæður liggja að baki því að færri börn séu ættleidd á milli landa nú en áður. „Fæst lönd vilja ættleiða frá sér börn enda er víða lögð áhersla á að þau alist upp sem næst upprunanum. Sum líta jafnvel þannig á að það gefi til kynna að þau geti ekki brauðfætt sitt fólk. Þá hefur hagsæld víða aukist sem dregur úr þörfinni. Áður fyrr voru sömuleiðis nokkur stór ættleiðingarlönd sem ættleiddu frá sér mikið af börnum. Þeim hefur sem betur fer fækkað enda getur mikill fjöldi ættleiðinga frá tilteknu landi gefið til kynna að hugsanlega sé ekki allt með felldu.“



Kristinn og Birna Ósk ásamt dótturinni Önnu Elísabetu Kristinsdóttur.

### ÆTTLEIÐANLEGUM BÖRNUM FÆKKAR

Að sögn Kristins er munaðarlausum börnum eða börnum sem vantar fjölskyldur þó ekki endilega að fækka heldur börnum sem eru skilgreind ættleiðanleg. Þau fyrrnefndu er hins vegar ekki hægt að ættleiða án samninga og þeir gilda aðeins við tiltekin lönd. Íslensk ættleiðing er eina félagið hér á landi sem hefur milligöngu um ættleiðingar. „Þegar börn eru skilgreind ættleiðanleg er búin að fara fram rannsókn á því hvort þau séu raunverulega munaðarlaus og hvort enginn í stórfjölskyldunni sé til staðar. Eins hvort möguleiki sé á því að ættleiða þau innanlands. Þegar því er lokið er hægt að ættleiða þau alþjóðlega. Þessum börnum er að fækka og er staðreyndin sú að umsækjendur eru fleiri en ættleiðanleg börn,“ segir Kristinn. Hann segir þau samt sem áður til staðar og að alltaf muni vera þörf fyrir að fólk taki að sér munaðarlaus börn.

Fjöldi ættleiðinga til Íslands er nokkuð breytilegur á milli ára. Í fyrra komu hingað tuttugu börn en aðeins fimm það sem af er þessu ári. Ef litið er lengra aftur voru þau ellefu 2014, átta 2013, sautján 2012 og nítján 2011.



Þegar fjölskyldur sameinast ytra klæðir starfsfólk ÍÆ sig upp enda ekki hægt annað en að hrífast með. Hér er Kristinn ásamt Ragnheiði Davíðsdóttur, Marion Brochet og Lárusi Blöndal á hátíðarstund.

### ÍSLENSKA ÆTTLEIÐINGARMÓDELIÐ

Kristinn segir fækkunina í ár eiga sér nokkrar meginskýringar. „Fyrir utan almenna fækkun ættleiðinga á milli landa þá hefur bið eftir forsamþykki hér heima, sem nauðsynlegt er að umsækjendur fái áður en sótt er um, lengst úr að meðaltali sex mánuðum í ár. Eins hafa lagalegar breytingar í Tékklandi, sem er eitt þeirra landa sem við erum með samning við, hægt á ferlinu þar,“ útskýrir Kristinn sem á þó von á því að það verði aðeins tímabundið. Þá segir hann að dregið hafi úr umsóknum þegar félagið var að berjast í bökkum á árunum 2011 og 2012.

„Þá var það fjármagn sem rann til félagsins af mjög skornum skammti. Við vorum að berjast fyrir lífi félagsins og fólk treysti sér því síður af stað. Árið 2012 gerðum við hins vegar þjónustusamning við ríkið sem snéri dæminu algerlega við. Nú er fjárhagurinn traustur og í dag erum við eina félagið í heiminum með þjónustusamning við stjórnvöld og tryggt rekstrarfé, þó enn þurfi að auka fjármagnið í málaflokkinn. Úti í hinum stóra heimi er þetta kallað íslenska ættleiðingarmódelið og þykir til fyrirmyndar. Annars staðar er um að ræða félagasamtök eða sjálfseignarstofnanir og hafa mörg þurft að leggja upp laupana.“ Kristinn segir þó enn eima eftir af þessu og er fólk enn að koma í viðtöl með áhyggjur því að félagið sé að fara að hætta starfsemi. „Svona hefur áhrif og skilar sér í tímabundinni fækkun umsókna. Nú er fjárhagurinn hins vegar traustur og því óhætt að leita til okkar.“

### LENGRI BIÐ EFTIR FORSAMÞYKKI

En hvernig skýrir hann þá töf sem orðið hefur á því að umsækjendur fái forsamþykki?

„Um tíma hafði Sýslumaðurinn í Búðardal umsjón með málaflokknum en hann var fluttur til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu fyrir nokkrum árum. Eftir það hefur biðin smám saman verið að lengjast.“ Kristinn telur það helst vera vegna mikils vinnuálags á starfsmönnum embættisins sem hefur verið í umræðunni um nokkurt skeið. „Við höfum mikla samúð með starfsfólkinu og höfum bent á að augljóslega þurfi að fjölga í sifjadeildinni.“

Í dag er Íslensk ættleiðing með sautján virkar umsóknir úti í hinum stóra heimi sem er óvenjulítið. Hins vegar eru meira en tuttugu umsóknir um forsamþykki á borði sýslumanns. „Það eru dæmi um að fólk bíði lengur eftir forsamþykki en eftir barni eftir að umsókn fer út,“ segir Kristinn.

### SAMNINGAR VIÐ BÚLGARÍU OG INDLAND

Bið eftir börnum er mismikil eftir ættleiðingarlöndum. Í dag er Íslensk ættleiðing með samning við Kína, Kólumbíu, Tékkland, Tógó, Indland og Búlgaríu. En stendur til að fjölga löndum? „Það er alltaf í skoðun en á meðan fjöldi umsókna er ekki meiri er það kannski ekki það sem er brýnast. Við gerðum fyrir nokkru samning við Búlgaríu og er gaman að segja frá því að miðstjórnin þar í landi óskaði í raun eftir því að fyrra bragði eftir að hafa heyrt af íslenska ættleiðingarmódelinu. Þá erum við í þessum töluðum orðum að opna á ættleiðingar barna með skilgreindar þarfir frá Indlandi, en vegna aðstæðna var lokað á Indland um skeið.“ Kristinn segir enn engar umsóknir komnar til Búlgaríu. „Það getur verið svolítið erfitt að vera fyrstur og ryðja brautina. Þegar ég hóf störf um áramótin 2009 til 2010 var lítil reynsla komin á ættleiðingar frá Tékklandi og einungis tvær umsóknir þar í landi. Nú eru flestar umsóknirnar þar, enda almenn ánægja með ferlið og hefur fjöldi barna komið frá Tékklandi síðustu ár.“

### AUKIN ÁHERSLA Á STUÐNING

Þó að tilgangur Íslenskrar ættleiðingar sé í grunninn að annast milligöngu um ættleiðingar þá hefur skilgreiningin að sögn Kristins verið að breytast. „Við lítum svo á að hlutverk okkar sé stærra og meira. Við leggjum okkur fram um að styðja fjölskylduna í umsóknarferlinu og ekki síst eftir að hún kemur heim. Við erum með sálfræðing sem veitir ráðgjöf, fræðslu og stuðning og erum til dæmis að veita stuðning í leikskóla og fræðslu til stórfjölskyldunnar þegar foreldrar fara út að sækja barn. Það er óheyrt hjá öðrum þjóðum.“

Eftir þættina á Stöð 2 hefur viðtölum við ættleidd ungmenni og uppkomna ættleidda einstaklinga sem vilja leita upprunans fjölgað. „Í því samhengi leggjum við sérstaka áherslu á sálfræðilegan undirbúning.“ Aðspurður segir Kristinn hugsanlegt að umsóknum um ættleiðingar fjölgi líka í kjölfar þáttanna. „Nú þegar hafa fleiri bókað sig í viðtöl með það í huga að skoða ættleiðingu en á sama tíma í fyrra.“

### Á AÐRA AF ELSTU UMSÓKNUM FÉLAGSINS

En hvað varð til þess að þú helgaðir þig þessum málaflokki? „Ég og konan mín, Birna Ósk Einarsdóttir, skráðum okkur á biðlista í Kína í apríl 2007. Þá var okkur sagt að biðtíminn væri um tvö ár. Fljótlega sáum við að sá biðtími var ekki raunhæfur og fórum að ókyrrast. Við hittum fólk sem var í svipuðum sporum og stofnuðum nýtt ættleiðingarfélag, sem hafði það að markmiði að fjölga ættleiðingarlöndum. Það hafði heilmikil áhrif á þennan málaflokk og stuttu síðar hætti þáverandi framkvæmdastjóri ÍÆ. Ég var beðinn um að taka við og var Alþjóðleg ættleiðing í kjölfarið sameinuð Íslenskri ættleiðingu. Kristinn tók við sem framkvæmdastjóri um áramótin 2009/2010. Í byrjun árs 2010 komust hann og Birna Ósk að því að þau ættu von á barni. „Við vorum þá búin að vera barnlaus mjög lengi. Við vorum mjög spennt fyrir því að ættleiða barn og vorum löngu hætt að velta öðru fyrir okkur.“ Nú eiga þau Kristinn og Birna Ósk sex ára stúlku. Umsókn þeirra í Kína er dagsett 15. apríl 2007 og er hún önnur af tveimur elstu umsóknum félagsins.

„Miðstjórnvaldið í Kína tilkynnti í janúar að það væri að afgreiða umsóknir frá 9. janúar. Í október var tilkynnt að verið væri að afgreiða umsóknir sem bárust fyrir 16. janúar. Á tíu mánuðum voru því afgreiddar umsóknir sem bárust á sjö dögum. Ég er því ekkert farinn að pakka ofan í tösku.“

### STÓRKOSTLEGT ÆVINTÝRI

Aðrar umsóknir hafa gengið hraðar fyrir sig og hafa 98 börn verið ættleidd til landsins frá því Kristinn tók til starfa fyrir að verða sjö árum. „Það er stórkostlegt ævintýri að fá að taka þátt í þessu með fólki. Við fáum það hingað í alla pappírsvinnuna en líka á mánaðarlega fræðslufyrirlestra sem við stöndum fyrir. Þegar kemur að þörun við barn erum við svo í mjög miklu sambandi. Þegar heim er komið koma allir til að sýna gullmolann sinn. Við erum svo í heilmiklu sambandi fyrstu mánuðina til að fylgjast með og vita hvort við getum eitthvað aðstoðað. Þá bjóðum við upp á fjölskyldumorgna og ýmislegt annað félagsstarf.“

Þegar fréttir berast af því að fjölskylda hafi sameinast ytra segir Kristinn alltaf haldna hátíðarstund á skrifstofunni. „Við klæðum okkur upp og skálum. Ég set meira að segja upp bindi sem ég geri aldrei annars enda ekki annað hægt en að hrífast með þegar fjölskyldurnar ná saman.“




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Náttkjóll,
2.795,–
Visit your Ultimate Gift Shop
LINDEX
we make fashion feel good



Arkitektahjónin Ellert Hreinsson og Rebekka Jónsdóttir í notalegum eldhúskróknum þar sem málin eru oft rædd yfir kaffibolla. MYNDIR/EYÞÓR



Fallegur náttborðslampinn er frá Muuto og var keyptur í Epal.

# FAGURFRÆÐI OG NOTAGILDI Í EITT

Jarðlitir og náttúruleg efni eru ríkjandi á fallegu heimili arkitektaparsins **Rebekku Jónsdóttur** og **Ellerts Hreinssonar.** Stíll heimilisins er mínímalískur, hrár og persónulegur, en mörg falleg húsgögn, innanstokksmunir og persónuleg listaverk prýða heimili þeirra.



Listaverkið er eftir tengdapabba, Hrein Jónasson. Stólarnir heita Afterroom chair og koma frá Menu.

Ljósið er Unfold lamp frá Muuto.

Arkitektaparið Rebekka Pétursdóttir og Ellert Hreinsson búa í gullfallegri íbúð í Hlíðunum í Reykjavík. Þau hafa lagt mikla vinnu í að útbúa sér fallegt og persónulegt heimili en Rebekka lýsir stíl þess sem mínímalískum, hráum og persónulegum. „Hér eru jarðlitir og náttúruleg efni ríkjandi í bland við nóg af plöntum. Við erum bæði nokkuð samstíga í hönnun heimilisins, tökum stóru ákvarðanirnar saman en Ellert leyfir mér alfarið að sjá um þessa litlu hluti og útstillingar."

Mörg falleg húsgögn, innanstokksmunir og listaverk prýða heimili þeirra en í mestu uppáhaldi hjá Rebekku eru þó persónulegir hlutir. „Ég held mest upp á keramikhluti eftir afa minn heitinn, Sigurð Arnórsson, og listaverk eftir tengdaföður minn, Hrein Jónasson. Svo erum við nýbúin að kaupa okkur tvö listaverk eftir vin okkar Andrew »



Flotuð borðplata ásamt hillum frá Ikea.



Legubekkurinn er í miklu uppáhaldi og var keyptur í Ilva. Ljósið heitir Parantesi og er frá FLOS.



Hillurnar heita Montana og eru frá Epal.

Myndirnar eru ljósmyndir frá ferðalagi okkar um Kaliforníu.

Rjúpan ofan á hillunum er eftir afa minn, Sigurð Arnórsson leirkerasmið.



Sófinn og hægindastóllinn koma bæði frá versluninni Willamia. Ljósið er 365 lamp og fæst í Lumex.



Töfrastund
sem varðveitist
Gjafakort í Þjóðleikhúsið gleður unga sem aldna, enda ávísun á upplifun og ævintýri.
Hafðu samband við miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551 1200 eða á leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
GJAFAKORT
Njóttu vel



**Í borðstofunni eru Bell lamp ljós frá Normann Copenhagen sem voru keypt í Epal. Fallega litfagra málverkið á veggnum er eftir vin þeirra hjóna, Andrew Humke listmálara, sem útskrifaðist líka frá SCAD eins og Rebekka.**

Humke inn á heimilið og þau eru strax í miklu uppáhaldi.“

Þegar byrjað er að skipuleggja heimilið segir Rebekka að gott sé að huga fyrst að því að skapa heildrænt útlit, velja sér ákveðin efni og liti til að vinna með í grunninn og byggja svo ofan á það. „Svo er það að fylgja eigin sannfæringu og gera heimilið sitt svolítið persónulegt. Þegar best verður á kosið getur maður skapað eitthvert ákveðið andrúmsloft eða stemningu í rýminu. Annað mikilvægt atriði er það að hafa gott skipulag, þannig að hver hlutur eigi sér sinn stað. Fagurfræði og notagildi haldast alltaf í hendur.“

### Næg verkefni fram undan

Þrátt fyrir glæsilegt heimili eru alltaf næg verkefni á listanum að sögn Rebekku. Ef svo væri ekki myndi hún líklegast missa vitið. „Ég er ein af þeim sem þurfa alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni. Næsta verkefni er að smíða stórt dúkkuhús á hjólum í jólagjöf fyrir litlu prinsessuna á heimilinu. Annars stendur til að koma í smíði skenk undir sjónvarpið og bekk í anddyrið sem við erum búin að hanna. Svo við tækifæri langar okkur til þess að taka baðherbergið og skrifstofuna í gegn.“

Rebekka útskrifaðist sem arkitekt fyrir rúmlega fjórum árum frá SCAD í Bandaríkjunum og starfar nú hjá Arkís arkitektum. „Á þessum fjórum árum hafa verkefnin verið mjög fjölbreytt, allt frá heimilum, görðum og búðarrýmum yfir í skipulag, fjölbýli og stofnanir.“ Áhugi á fallegri hönnun hefur því fylgt henni lengi og hún er afar ánægð með þá vakningu sem hefur orðið hér á landi undanfarin ár. „Það eru margir íslenskir hönnuðir að gera flotta hluti, hvort sem það er í fatahönnun, textílhönnun, arkitektúr eða einhverju öðru. Þó er ekki beint eitthvert eitt merki í uppáhaldi hjá mér, ekki enn að minnsta kosti.“



**Innskot í eldhúskróknum inniheldur m.a. fallega vasa frá CB2.**



**Hjólabrettið er keypt í Denver. Þau létu „lasercutta“ kort af hverfinu sínu á það.**







Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# AFTUR AF STAÐ Í TÓNLISTINNI

**Tinna Marína** stendur undir nafni og klæðist mikið svörtu. Hún á fullt af kjólum en notar þá bara við sérstök tilefni. Í kvöld stendur hún á sviði Hörpu og flytur Tinu Turner lag þegar hún kemur fram á tónleikum Rokkkórs Íslands.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is

Söngkonan Tinna Marína Jónsdóttir er með einfaldan stíl að eigin sögn. Hún er yfirleitt í galla- eða leðurbuxum og bol við eða þá í íþróttafötum sem eru meira og minna öll frá Nike, en Tinna vinnur hjá World Class þar sem hún sér um vefsíðuna og auglýsingar. Auk þess að vinna í World Class æfir hún þar líka. „Ég æfi daglega, ég er þrisvar í viku á námskeiði sem heitir MGT og svo fer ég líka þrisvar í viku í hádegistíma á móti. Svo kenni ég söng hjá Söngskóla Maríu. Þar kenni ég þriggja til fimm ára strumpum og svo er ég með fullorðna í einkatímum. Það er ótrúlega gaman að sjá árangurinn hjá þeim og svakalega gefandi,“ segir hún.

Eins og sjá má af þessu hefur Tinna Marína í mörgu að snúast þessa dagana en auk þess að vinna spilar hún á píanóið sitt þegar hún hefur tíma og æfir einu sinni til tvisvar í viku með Rokkkór Íslands sem hún byrjaði nýlega í. „Ég var búin að vera í smá pásu frá tónlist en er farin aftur af stað. Franz vinur minn er að gefa út sólóplötu, PAUNKHOLM, þar sem ég kem við sögu en ég er í fjórum lögum. Það er mjög spennandi og skemmtilegt verkefni sem kemur út í byrjun 2017.“

Rokkkórinn verður með sEventís tónleika í Hörpu í kvöld þar sem Tinna Marína verður með einsöng. „Ég tek Nutbush City með Tinu Turner. Mig langaði svakalega að taka Stairway en ég gat það ekki þar sem það var nú þegar í prógramminu með kórnum. Ég fór næstum því að grenja. En þetta verður alveg geðveikt. Við munum taka lög eftir Led Zeppelin, Tinu Turner, Meat Loaf, Queen, Kansas, Patti Smith, Deep Purple og fleiri. Þetta er hrikalega skemmtilegt verkefni og ég mæli 100 prósent með þessum tónleikum,“ segir hún brosandi.

Tinna Marína leyfir lesendum að gægjast hér aðeins inn í skápinn sinn.




**Tinna Marína er með einfaldan stíl og klæðist yfirleitt í bol og buxur, og þá oftast í svart.** MYND/GVA

> Við munum taka lög eftir Led Zeppelin, Tinu Turner, Meat Loaf, Queen, Kansas, Patti Smith, Deep Purple og fleiri. Þetta er hrikalega skemmtilegt verkefni og ég mæli 100% með þessum tónleikum.
>
> Tinna Marína Jónsdóttir

**Þessi tvö pör af svörtum hælaskóm eru mikið notuð af Tinnu.**







**Margir fallegir kjólar leynast í skáp Tinnu Marínu en hún notar þá bara við sérstök tilefni.**



**Íþróttafötin eru notuð daglega enda er Tinna Marína dugleg að æfa og fer í ræktina á hverjum degi.**



# Barnabókahelgi!




Tilboð
**2.199 kr.**
Áður 2.699 kr.




Tilboð
**3.699 kr.**
Áður 4.499 kr.




Tilboð
**3.899 kr.**
Áður 4.799 kr.




Tilboð
**2.899 kr.**
Áður 3.499 kr.




Tilboð
**3.499 kr.**
Áður 4.199 kr.




Tilboð
**1.690 kr.**
Áður 1.990 kr.




Tilboð
**3.299 kr.**
Áður 3.999 kr.



Tilboð
**2.290 kr.**
Áður 2.790 kr.




Tilboð
**3.299 kr.**
Áður 3.999 kr.




Tilboð
**4.490 kr.**
Áður 3.390 kr.




Tilboð
**2.199 kr.**
Áður 3.299 kr.




Tilboð
**3.299 kr.**
Áður 3.999 kr.

**Krakkakakó**
á tilboði
200 kr.

## Upplestur á nýjum barnabókum
**frá klukkan 12 til 14 sunnudaginn 20. nóv.**




BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga
til kl. 22.00

facebook.com
/malogmenning



## Textílverk í Anarkíu

Sýningu Textílfélagsins Samtvinnað lýkur sunnudaginn 20. nóvember en hún stendur yfir í Anarkíu listasal, Hamraborg 3 í Kópavogi. Alls sýna 23 félagskonur þar fjölbreytt verk „sem flest eiga það sameiginlegt að tengjast þræðinum á einn eða annan hátt, en eru unnin með margvíslegri tækni“.

Meðal þeirra sem sýna verk í Anarkíu eru Aðalbjörg Erlendsdóttir, Anna Gunnarsdóttir, Auður Vésteinsdóttir, Ásta V. Guðmundsdóttir, Bryndís G. Björgvinsdóttir, Guðlaug Halldórsdóttir, Guðrún J. Kolbeins, Guðrún Hadda Bjarnadóttir, Hanna Pétursdóttir og Helga Pálína Brynjólfsdóttir.

Textílfélagið var stofnað árið 1974 með það að markmiði að kynna list félagsmanna og hönnun, bæði á innlendum og erlendum vettvangi og er félagið meðal aðildarfélaga Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Sýningin er opin á laugardag og sunnudag milli klukkan 15-18.




## Fá inneign fyrir notaðar flíkur

Viðskiptavinir Lindex sem eru í vildar- og fríðindaklúbbnum More at Lindex geta skilað notuðum Lindex-fatnaði og fengið inneign í staðinn. More klúbburinn er nýjung hjá Lindex sem fyrirtækið kynnir í tilefni af því að fimm ár eru liðin frá opnun búðarinnar á Íslandi. Lindex vinnur að verkefninu með Rauða krossi Íslands en því er ætlað að hvetja til endurnýtingar. Flíkurnar munu öðlast nýtt líf í verslunum Rauða krossins og/eða verða endurunnar þar sem þær verða nýttar á ný í framleiðslu á nýjum vörum. Klúbbfélagar munu einnig njóta ýmissa annarra fríðinda og safna punktum í hvert sinn sem þeir versla. Klúbbmeðlimir geta einnig sótt um sérstakt Lindex-greiðslukort þar sem þeir fá vaxtalaust lán í allt að 50 daga.




## ÞREYTTIR BORÐA MEIRA

Því hefur lengi verið haldið fram að fólk borði meira þegar það fær ekki nægan svefn. Nú hafa vísindamenn sýnt fram á með rannsóknum hversu miklu meira fólk borðar þá daga sem það berst við að halda augunum opnum en niðurstöðurnar voru birtar í nóvemberhefti European Journal of Clinical Nutrition.

Í ljós kom að þátttakendur rannsóknarinnar sem sváfu í minna en fimm og hálfan tíma borðuðu að meðaltali 385 kaloríum meira en þeir sem fengu nægan svefn. Til þess að gera illt verra þá voru þeir sem eru vansvefta líklegri til að sleppa próteini og borða frekar fituríkan mat.

Þó að það geti alveg verið í lagi að fá sér nokkrar sneiðar af pitsu eða franskar kartöflur af og til þá safnast þær kaloríur, sem sporðrennt er aukalega þegar þreytan sverfur að, saman. Það getur því leitt til fitusöfnunar ef svefnleysið varir í lengri tíma og ekki hollt til langframa.



Svíf þú inn í svefninn
...í rúmi frá okkur!
RÚM




Crabtree & Evelyn LONDON
Vinsæli handáburðurinn frá Crabtree & Evelyn er kominn!









GREENFOAM
IL COMFORT TRA INNOVAZIONE E NATURA

**RB rúm** | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**
Opið alla virka daga frá kl. 09.00-18.00, laugardaga 10.00-14.00, sunnudaga lokað

## BÍLAR & FARARTÆKI


**Toyota Kauptúni**



TOYOTA Prius l/b hybrid active. Árgerð 2012, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.770.000. Rnr.990601.



TOYOTA Auris h/b live diesel. Árgerð 2013, ekinn 21 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.350.000. Rnr.990649.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi
vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**BORGARBÍLASALAN**
580 8900 • borgarbilasalan.is



**ALLTAF HEITUR Í SNJÓNUM!!**
'15 JEEP GRAND CHEROKEE LTD. EK 19 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK...FRÍTT KAKÓ FYLGIR MEÐ!!! FRÁBÆRT VERÐ 7.980 ÞÚS!!! #471368. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

**STÓRA BÍLASALAN**



VW Golf 1.4 TSI DSG Árgerð 2012. Ekinn 78.000km. Sjálfskiptur. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 1.990.000kr. Raðnr 158731. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**100bílar.is** bílasala



Fiat 500 Lounge, 9/2013, ek 21 þús km, bensín, bsk, ásett verð 1.890 þús, er á staðnum, raðnr 152690.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**


## Bílar til sölu



Chevrolet Spark 2012 módel. 55km. 5 gíra. Verð 850þ kr. S. 6162597

## 0-250 þús.



**ÚTSALA 99 ÞÚS!!!**
Honda Accent árg 2000, ek. 195 þús. Sskj., sko '17. Tilboð 99 þús. S. 891 9847

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar


**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Málarar

**HG-HÚSAMÁLUN**
Tökum að okkur alhliða málingarvinnu, bæði endurmálun og nýmálun. Vönduð og fagmannleg vinnubrögð.
Sími: 773-4993
dorimalari@gmail.com

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com


Barnaheill – Save the Children á Íslandi
vissir þú að...

**NISSAN**
**QASHQAI TEKNA**

- 4WD
- Dísel
- Beinskipur
- Eyðsla 5,1
- Leðuráklæði
- Panorama glerþak
- 19" álfelgur
- Bi-Xenon LED aðalljós
- Hituð framrúða
- 360° myndavél,
- Rafdrifið ökumannssæti
- og margt fleira

**90% fjármögnun**
**75.292 kr. á mánuði

# Nýr bíll 2016
**VERÐ KR. 4.990.000**



**KOMDU OG PRÓFAÐU!**

**bill.is**
Malarhöfða 2 | Sími 5773777 | www.bill.is

## Húsaviðhald


**MARKMIÐ VERKTAKAR**

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna

**Tilboð þér að kostnaðarlausu**
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is


**SMIÐSKRAFTUR EHF. NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

smidskraftur@gmail.com

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur örfáum tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773 3376 Sólbakki.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Tannlæknastofu Kópavoginum vantar aðstoðarmanneskju til starfa í 100% starf. Áhugasamir sendið umsóknir á tannbjorg@tannbjorg.is

**SMIÐIR ÓSKAST !**
Fjölbreytt vinna. Uppl. í s. 899 4819

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Karlmaður 74 ára óskar eftir að kynnast öðrum karlmanni. Uppl. í s. 626 9743

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Aukning á framleiðslu hjá Íslenska kalkþörungafélaginu, Bíldudal**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **19. des. 2016.**




## fasteignir

**MIKLABORG** leitar að ...

**Einbýli í Garðabæ**

Kaupandi leitar af einbýlishúsi á bilinu 300-400 fm í Garðabæ

- Öruggar, hraðar og góðar greiðslur

Nánari upplýsingar veitir
**Jason Kristinn Ólafsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali
sími: 569 7000
oskar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**




## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 19. nóv**
12:00 Man.United - Arsenal
14:50 Southampton - Liverpool
17:20Tottenham - W.Ham United

**Sunnudaginn 20. nóv**
13:10 Leeds - Newcastle
15:50 Middlesbrough - Chelsea

Allir velkomnir

HLJÓMSVEITIN
**ÚLTRA**
Einu sinni ÚLTRA always ÚLTRA



**Hljómsveitin Últra spilar um helgina.**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## Sögulegt heimshornaflakk hjá kylfingnum Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur




| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4. október | 4. október | 15. október | 24. október | 25. október | 30. október | 30. október | 6. nóvember | 15. nóvember | 16. nóvember | 21. nóvember |
| Ísland | Boston | Raleigh | Orlando | Sjanghai | Sanya | Hong Kong | Abú Dabí | Nýja-Delí | London | Ísland |
| Boston | Raleigh | Orlando | Sjanghai | Sanya | Hong Kong | Abú Dabí | Nýja-Delí | London | Ísland | Orlando |
| 5 tímar | 2 tímar | 2 tímar | 21 tími | 3 tímar | 2 tímar | 9½ tími | 3½ tími | 9½ tími | 3 tímar | 7 tímar |

# Umhverfis hnöttinn á 48 dögum

**Atvinnukylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hefur verið á ferðinni um heiminn á síðustu sex vikum og þegar hún lendir í Orlando í Bandaríkjunum 21. nóvember næstkomandi hefur hún farið einn hring í kringum hnöttinn á aðeins tæpum sjö vikum.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

**GOLF** „Umhverfis hnöttinn á 80 dögum“ er fræg ævintýrasaga eftir franska rithöfundinn Jules Verne. Íslandsmeistaranum í golfi, Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur, mun takast það að fara kringum hnöttinn á innan við fimmtíu dögum þegar hún lendir næst í Bandaríkjunum eftir þrjá daga.

„Þegar ég var að fljúga síðasta flugið til Íslands frá London þá var það nú ekki mikið mál,“ segir Ólafía Þórunn í léttum tón aðspurð um öll ferðlögin á síðustu vikum. Frá 4. október síðastliðnum hefur hún flogið ellefu sinnum og eytt rúmlega sjötíu klukkutímum í háloftunum.

Flugið frá London til Íslands var líka ekkert mikið í samanburði við öll hin flugin. Það lengsta var frá Orlando í Bandaríkjunum yfir til Sjanghaí í Kína. Það tók hana rúma tuttugu tíma. „Það var svolítið mikið að fara til Kína beint eftir úrtökumótið,“ viðurkennir Ólafía Þórunn en hún fékk stuttan tíma til jafna sig eftir lengsta flugið.

Hún átti líka eftir að fljúga í tíu tíma á milli Hong Kong og Abú Dabí og aðra tíu tíma frá Nýju-Delí á Indlandi til London. Ólafía þurfti að finna sér eitthvað að gera þessa endalausu klukkutíma í flugvélum. „Ég var svolítið að fylgjast með hver tíminn var í landinu sem ég var að ferðast til næst. Ég var um leið að sofa á réttum tíma í flugvélunum enda voru þetta löng flug og allt upp í 35 tíma ferðlög. Ég var alltaf með þá stefnu að reyna að koma mér inn á rétt tímabelti,“ segir Ólafía Þórunn.

„Svo var líka gott afþreyingarkerfi í flugvélinni. Ég horfði á þrjár bíómyndir og las tvær bækur. Ég reyndi bara að finna mér eitthvað að gera eins og að fara yfir bókhaldið mitt sem er reyndar ekki það skemmtilegasta sem ég geri,“ segir Ólafía brosandi.

Ólafía Þórunn hefur skrifað íslensku golfsöguna á þessum ótrúlegu vikum sínum í „hnattferðinni“ og getur haldið því áfram þegar hún keppir á lokaúrtökumótinu fyrir LPGA atvinnumótaröðina.

Ólafía Þórunn fékk nokkra daga hér heima á Íslandi til að safna orku og hitta fjölskylduna sína. Það var nauðsynlegt fyrir hana að anda að sér íslenska loftinu á ný.

> **Ég var svolítið að fylgjast með hver tíminn var í landinu sem ég var að ferðast til næst.**
>
> Ólafía Þórunn Kristinsdóttir um öll ferðalögin.

Heimsferð Ólafíu var líka söguleg vegna frammistöðu hennar. Hún varð fyrsti íslenski kylfingurinn sem nær að tryggja sér keppnisrétt á bandarískri atvinnumótaröð en hún nældi í keppnisrétt á Symetra-mótaröðinni um leið og hún komst inn á lokaúrtökumót LPGA. Symetra-mótaröðin er næststerkasta atvinnumótaröðin í Bandaríkjunum.

Ólafía hélt síðan áfram að skrifa söguna á mótinu Fatima Bint Mubarak á LET Evrópumótaröðinni í Abú Dabí þar sem hún var í fyrstu eftir fyrstu tvo dagana. Það er langbesti árangur sem íslenskur kylfingur hefur náð til þessa á sterkustu atvinnumótaröð Evrópu. Ólafía gaf reyndar aðeins eftir á síðustu tveimur hringunum en endaði í 26. sæti og tvöfaldaði verðlaunaféð sitt á árinu.

En hverjar eru líkurnar á að hún komist inn á LPGA mótaröðina? „Þetta er fyrst og fremst andlega krefjandi og því þarf maður að vera andlega sterkur. Ég veit að ég þarf að vera stöðug og spila ótrúlega vel. Ef ég spila nokkuð vel og held mér sterkri í hausnum þá á ég alveg góða möguleika,“ segir Ólafía.

Það verður í það minnsta spennandi að fylgjast með Ólafíu í þessu risastóra og sögulega verkefni sem er framundan. Mótið fer fram í lok nóvember og hún fer snemma út til Bandaríkjanna til að undirbúa sig sem best.




LYNX ski-doo can-am
STÓRSÝNING
Í VERSLUN ELLINGSEN 18–28 NÓVEMBER
ERUM EINNIG Á VETRARLÍF 2016 26–27.NÓVEMBER
KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ AF 2017 ÁRGERÐ CAN AM LYNX OG SKI DOO.
ÖLLUM SELDUM TÆKJUM Í NÓVEMBER FYLGIR AUKAHLUTAPAKKI AÐ EIGIN VALI AÐ ANDVIRÐI 200.000.KR*
LYNX BOONDOCKER
RE3700 800 E-TEC
2.990.000.KR
SKI DOO SUMMIT
X 850 E-TEC
2.950.000.KR
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.
OUTLANDER
MAX 450
1.790.000.KR
OUTLANDER
MAX XT-P 1000
VERÐ 3.190.000.KR
ELLINGSEN
SÍÐAN 1916
TRYGGVABRAUT 1–3
AKUREYRI
580–8550
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580–8500
ELLINGSEN.IS

# Verk unnin út frá nokkrum dögum í Berlín

**Auður Ómarsdóttir opnar sína þriðju einkasýningu í dag í Gallery Port. Á sýningunni kennir ýmissa grasa: málverka, teikninga og skúlptúra auk þess sem hún sýnir skissubókina sem verkin spretta öll út úr en hún var unnin í Berlín á tíu dögum.**

Listakonan Auður Ómarsdóttir opnar í dag sýninguna From the Front to the Beginning í Gallery Port. Þar sýnir Auður ný verk í mismunandi miðlum sem eru innblásin af dvöl hennar í Þýskalandi síðastliðna mánuði. Verkin fjalla um „endurtekningu upphafsins í ástum og sorgum. Hið stöðuga fall og enduruppbyggingu veraldarinnar séð út frá sjónarhorni tvíhyggju.“

„Þetta eru verk í blönduðum miðlum; málverk, teikningar og smáskúlptúrar. Þetta er allt unnið út frá skissubók, sem ég mun sýna, sem eru teikningar sem ég gerði á tíu dögum í Berlín. Eða þetta er innblásið frá því og síðustu mánuðum sem ég eyddi í Þýskalandi. Þetta er allt sjálfsævisögulegt, í raun úrvinnsla á síðustu mánuðum sett fram á mismunandi hátt með texta og myndum.

Skissubókin er grunnur eða „blueprint“ af því sem kom, hálfgerður byrjunarpunktur og síðan bættust við fleiri verk út frá persónulegum upplifunum sem tengjast þessu öllu.

Fyrsta í aðventu verður svo lokahóf sýningarinnar og þar verða fleiri listamenn með gjörninga og fleira. Þetta verður lokahnykkur sýningarinnar en upphaf dagskrár hjá Porti sem verður alla aðventudagana; aðventudagskrá Gallery Port,“ segir Auður Ómarsdóttir. Þetta er hennar þriðja einkasýning, en hún hefur þó tekið þátt í fjölda samsýninga eftir að hún útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2013. **stefanthor@frettabladid.is**



**Auður Ómarsdóttir sýnir alls kyns verk á sinni þriðju einkasýningu sem verður opnuð í dag í Gallery Port.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



✝

Elskulegur bróðir okkar,

**Sigtryggur Ingvarsson**

frá Skipum,
Grænumörk 5, Selfossi,

sem lést föstudaginn 11. nóvember sl., verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 15.00.

**Sigríður Ingvarsdóttir**
**Ásdís Ingvarsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bjarndís Gunnarsdóttir**

verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Rannveig Björg Jónsdóttir**
**Jón Bjarni Jónsson** **Vilborg Viðarsdóttir**
**Helena Bjarndís Bjarnadóttir** **Júlíus Danielsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Steingrímsson**

kvikmyndagerðarmaður,

lést á Landspítalanum 11. nóvember. Útförin fer fram miðvikudaginn 23. nóvember kl. 13.00 frá Hallgrímskirkju.

**Gunnhildur Pálsdóttir** **Trausti Baldursson**
**Dufþakur Pálsson** **Hörn Gissurardóttir**
**Sylvía Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Eyjólfsdóttir**

Teigagerði 10,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, þriðjudaginn 8. nóvember sl. Útförin fer fram frá Seljakirkju, mánudaginn 21. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Eyjólfur Bjarnason**

---



✝

Eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sólveig Aðalbjörg Sveinsdóttir**

kennari frá Víkingavatni,

lést á heimili sínu 15. nóvember. Útför fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 25. nóvember kl. 15.00. Þeim, sem vilja minnast hennar er bent á MND-félagið.

**Ágúst H. Bjarnason**
**Hákon Ágústsson** **Þóra Kristín Bjarnadóttir**
**Björn Víkingur Ágústsson**
**Vigdís Tinna Hákonardóttir** **Sólveig Freyja Hákonardóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Jónína Björg Halldórsdóttir**

hjúkrunarfræðingur, til heimilis á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

sem lést 12. nóvember sl., verður jarðsungin frá Akraneskirkju þriðjudaginn 22. nóvember kl. 13.

**Halldór U. Snjólaugsson** **Jónína G. Óskarsdóttir**
**Ástþór A. Snjólaugsson**
**Katrín E. Snjólaugsdóttir** **Jón Guðmundsson**
**Ásberg, Auðunn, Snjólaugur Ingi, Jónína Björg, Sonja Ósk, Ívar Hrafn, Ásta Sóley og Íris Petra**

---



✝

Yndislega og sérstaka mamma okkar, hin norskættaða

**Karí Karólína Eiríksdóttir Lund Hansen**

Kleppsvegi 142,

kvaddi þetta líf að morgni 16. nóvember sl. á Landspítalanum við Hringbraut, umvafin sínum nánustu ástvinum. Leið hennar liggur nú að vötnum þar sem hún má næðis njóta. Jarðarförin verður tilkynnt síðar.

**Edda D. Sigurðardóttir** **Sigurður K. Kolbeinsson**
**Birna K. Sigurðardóttir** **Erlingur Hjaltested**
**Ellisif A. Sigurðardóttir** **Hafliði Ragnarsson**
**Sunna M. Sigurðardóttir** **Davíð Ö. Vignisson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Hjartkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir, systir, mágkona, amma og langamma,

**J. Sigríður Elentínusdóttir**

Ásbraut 15, 200 Kópavogi,

lést á LSH í Fossvogi mánudaginn 14. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13.

**Haukur Reynir Ísaksson**
**Sigurður Sverrir Witt** **Rachel Parker Witt**
**Ingunn Hildur Hauksdóttir** **Þröstur Þorbjörnsson**
**Svanhildur Elentínusdóttir** **Einar Hjaltested**
**Margeir Elentínusson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Eiríksdóttir**

frá Ásgarði í Grímsnesi,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði 15. nóvember sl. Útför verður gerð frá Selfosskirkju miðvikudaginn 23. nóvember klukkan 13.00.

**Eygló Lilja Ásmundsdóttir** **Hermann Brynjólfsson**
**Gunnar Ásmundsson**
**Eiríkur Ásmundsson**
**Guðmundur Ásmundsson** **Helga Guðlaugsdóttir**
**Margrét Ásmundsdóttir**
**Áslaug Ásmundsdóttir** **Björn Sigurðsson**
**Kjartan Már Ásmundsson** **Perla Svansdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Arndís Guðjónsdóttir**

frá Bíldudal, hjúkrunarheimilinu Eir, áður Brautarlandi 6, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 14. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. desember kl. 13.00.

**Guðjón Magnús Jónsson** **Sigríður Þorláksdóttir**
**Margrét Katrín Jónsdóttir**
**Hrönn Guðjónsdóttir**
**Magnea Ólöf Guðjónsdóttir** **Halldór Kj. Björnsson**
**Arndís Guðjónsdóttir** **Kristján Már Atlason**
**Jón Þór Guðjónsson** **Eva Björg Torfadóttir**
**Hrafn Eyjólfsson** **María Tómasdóttir**
**Hrafnhildur Eyjólfsdóttir** **Halldór Ingi Hákonarson**
**Jón Örn Eyjólfsson** **Særós Stefánsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Þórunnar Gísladóttur**

Þangbakka 10.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Líknardeildar Landspítalans fyrir hlýhug og einstaka umönnun.

**Gyða Kristinsdóttir**
**Elísabet Jónsdóttir** **Magnús Sveinþórsson**
**Ögmundur Jónsson**
**Gísli Jónsson** **Júlíana Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Egill Friðbjörnsson**

lést á Vífilsstöðum 14. nóvember. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi þriðjudaginn 22. nóvember kl. 11.

**Guðlaug Þórðardóttir**
**Ólöf Egilsdóttir** **Kåre Blaaflat**
**Björn Þór Egilsson** **Hólmfríður Sigfúsdóttir**
**Magnús Egilsson** **Berglind Ármannsdóttir**
**Guðný Egilsdóttir** **Árni Þór Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# ÓMISSANDI ÞÁTTUR Í UNDIRBÚNINGI JÓLANNA




1,36kg í poka

**398** kr. 1,36 kg

**Amerísk Smáepli**
Rauð, 1,36 kg




2,3kg í kassa

**698** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg




**479** kr. 500 g

**Only Stollen brauð**
500 g

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




1L

**598** kr. 1 l

**Blomberg's Jólaglögg**
1l, óáfeng




**359** kr. 850 ml

**Ribena Sólberjaþykkni**
850 ml

BRUNATÍMI ALLT AÐ 4 KLST.




Ný sending
LÆGRA VERÐ

**798** kr. stk.

**Arinkubbur**
2,72 kg - Verð áður 998 kr.




-18°C frostþol

**398** kr. 2,5 l

**Rúðuvökvi**
Frostþol -18°C, 2,5 l

VERUM VIÐ ÖLLU BÚIN Í VETUR



**179** kr. stk.

**Rúðuskafa**



**998** kr. parið

**Mannbroddar**
4 stærðir

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI




**1.895** kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar



**759** kr. kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill



## GOTT VERÐ Í BÓNUS




**998** kr. 800 g

**Þorskbitar í raspi**
800 g, frosnir, forsteiktir

ROÐ- OG BEINHREINSAÐIR




**998** kr. 800 g

**Bónus Ýsubitar**
800 g, frosnir

30% Meira magn Sama verð




1kg

**379** kr. 1 kg

**Myllu Heimilisbrauð**
1 kg




**398** kr. 600 g

**Heima Döðlur**
600 g, ferskar




**898** kr. 400 g

**Te og Kaffi Jólakaffi**
400 g, malað eða baunir

# Gjafakort Bónus

VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS




**Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla**

Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 82248 11/16

LYFJA
– Lífið heil

20 ára

# Fallegar gjafir fyrir jólin






## Gefðu vellíðan um jólin

Jólagjafahandbók Lyfju er komin út. Skoðaðu úrval fallegra gjafavara fyrir alla fjölskylduna í næstu verslun Lyfju eða í nýju netversluninni á lyfja.is.

Lyfja.is

# Hvort tveggja í senn, kór og karlaklúbbur

**Karlakórinn Fóstbræður hefur glatt fólk með söng sínum í hundrað ár. Hann heldur upp á það með stórtónleikum í Eldborg í kvöld og ókeypis aukalögum í Hörpuhorni á morgun. Arinbjörn Vilhjálmsson veit allt um kórinn.**



Söngfélagar á einni af hinum ströngu æfingum fyrir afmælistónleikana. Stjórnandi er Árni Harðarson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Við rekjum upphaf Fóstbræðra til 18. nóvember 1916. Þá komu 20 ungir menn saman á æfingu í kjallara KFUM heimilisins við Amtmannsstíg. Þeir höfðu verið í söngfélagi í fimm ár, sem studdi við starfsemi KFUM en þarna var tekið það skref að fá alvöru stjórnanda, Jón Halldórsson,“ segir Arinbjörn Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Karlakórsins Fóstbræðra. Hann segir Jón hafa mótað kórinn og stjórnað honum af snilli fram til 1949. „Jón var ekki menntaður í tónlist en var úr listrænni fjölskyldu, meðal annars á tónlistarsviðinu og stóð sig ljómandi vel, það sýndi sig þegar kórinn fór í mikla frægðarför til Noregs 1926, þar fékk hann glimrandi dóma. Félagarnir voru áhugasamir en vissu ekkert hvar þeir stóðu í samanburði við aðra fyrr en þeir fóru utan.“



**Nýtt og eldra efni í bland**

Tæpt verður á sögu kórsins í máli og myndum í söngskránni sem dreift verður í Hörpu í kvöld á afmælistónleikunum. Einnig fá lög að hljóma sem minna á fortíðina. Til dæmis kemur fram hópur sem kallar sig Fjórtán fóstbræður, í anda sams konar grúppu sem var gríðarvinsæl á 7. áratugnum.

Helena Jónsdóttir kóreógrafer er sviðsstjóri tónleikanna að sögn Arinbjarnar. „Hennar hlutverk er að móta myndræna og áhugaverða umgjörð. Gestir sem sitja á efstu svölum í Eldborg eru býsna langt frá okkur söngmönnunum en Helena notar salinn til að efla upplifunina,“ lýsir hann og fer aðeins yfir dagskrá kvöldsins.

„Fyrir hlé verður flutt 20. aldar klassík og nýtt efni, meðal annars frumflutt tvö verk eftir ung tónskáld, Hreiðar Inga Þorsteinsson og Viktor Orra Árnason. Eftir hlé sýnum við hina hliðina á okkur og syngjum léttari lög sem eru betur til vinsælda fallin og líka mikilvæg fyrir félagsskapinn,“ segir Arinbjörn glaðlega. „Þá syngja Fjórtán fóstbræður og við fáum Stuðmennina Egil Ólafsson og Jakob Magnússon til liðs við okkur,“ segir Arinbjörn og upplýsir að sex þeirra sem voru í hinum einu sönnu Fjórtán fóstbræðrum syngi á tónleikunum. Einn þeirra sé Aðalsteinn Guðlaugsson sem hafi verið lengst allra í kórnum eða frá 1951. „Gamlir fóstbræður er sér kór en starfar innan okkar vébanda, þegar félagar eru komnir yfir sjötugt fara þeir í hann. Sá elsti þar er 92 ára.“

**Kór sem vill vera í forystu**

Um 100 manns tilheyra Fóstbræðrum, af þeim verða um 80 á sviði í kvöld. Þeir kórfélagar sem lengst eiga á æfingar eru tveir menn frá Hveragerði og einn frá Akranesi. „Annar þeirra sem búa í Hveragerði hefur bara misst eina æfingu úr síðan 2009, þannig að Hellisheiðin hefur ekki verið honum farartálmi,“ upplýsir framkvæmdastjórinn sem sjálfur hefur verið samfellt í Fóstbræðrum frá 2002.

„Ég byrjaði reyndar 1996 en krakkarnir voru svo litlir þá og kórstarfið tók svo mikinn tíma að ég fór í salt í nokkur ár. Það er alltaf barátta að fá yngri menn í kórinn. Þess vegna breyttum við fyrirkomulaginu í fyrravetur og komum saman á einni lengri æfingu í viku í stað tveggja styttri áður. Okkur þykir gott að fá menn í kringum fertugt, ungir menn eru svo oft uppteknir í námi og með litla krakka. En starfið er gefandi og auðvitað er það viss samfélagsþjónusta sem við erum að sinna.“

Arinbjörn segir mikið verk að

> **EFTIR HLÉ SÝNUM VIÐ HINA HLIÐINA Á OKKUR OG SYNGJUM LÉTTARI LÖG SEM ERU BETUR TIL VINSÆLDA FALLIN OG LÍKA MIKILVÆG FYRIR FÉLAGSSKAPINN.**



vera formaður í svona stórum kór, sérstaklega þegar hann verði 100 ára! „Það er bara mjög mikið mál. En maður gerir þetta fyrir félagsskapinn,“ segir hann og upplýsir að 40 æfingar hafi verið á dagskránni síðan í ágúst, fyrir utan alls konar stúss í sambandi við afmælið. „Fóstbræður eru metnaðarfullur kór sem vill vera í forystu í karlakóramenningunni hér á landi og halda vissum standard,“ segir Arinbjörn. „Við erum hluti af norrænni karlakórahefð sem mótaðist á 19. öld. Hluti af henni er starfsaldursviðurkenningar, orður og fleira. Á bak við eina orðu getur verið ómældur tími og starf svo menn bera þær með stolti og réttu. Við fáum brons fyrir fimm ár, silfur fyrir tíu, gull fyrir fimmtán og heiðursgullhörpu fyrir tuttugu ára starf. Svo fá menn silfurpela og gullúr þegar áratugunum fjölgar. Þetta er svona hvort tveggja í senn kór og karlaklúbbur.“

Fóstbræður eiga sitt félagsheimili og hafa átt í 50 ár. „Við fengum úthlutað lóð á horni Langholtsvegar og Drekavogs. Fengum byggingarfélag til að gera það fokhelt og lukum við æfingahúsnæðið sjálfir,“ lýsir Arinbjörn. „Það sem skipti rosalegu máli í sambandi við húsakaupin var að allur afrakstur Fjórtán fóstbræðra sem voru starfandi milli 1963 og 1975, og seldust betur en Bitlarnir í upphafi, rann beint í félagsheimilissjóðinn, þeir fengu ekki krónu sjálfir.“

**Opnir tónleikar á morgun**

Á morgun, laugardag, verða Fóstbræður með eigin afmælishátíð. Byrjað verður á að leggja blómakrans á leiði Jóns Halldórssonar, fyrsta stjórnandans, klukkan þrjú í Fossvogskirkjugarði. Þaðan fara þeir í rútu í niður í miðborg og ætla að vígja skjöld í gamla KFUM-salnum á bak við MR, þar sem ballið byrjaði. Þaðan ganga þeir fylktu liði í Hörpuna, með smá viðkomu hjá styttunni af séra Friðriki Friðrikssyni, KFUM-manni, leggja þar annan blómsveig og taka lagið.

Í Hörpu verða svo ókeypis tónleikar í boði Fóstbræðra klukkan hálf sex, uppi á annarri hæð. „Þar ætlum við að syngja aukalögin, gömlu karlakóraperlurnar og endum á þjóðsöngnum. Þetta verður svona þriggja kortéra til klukkutíma stund í Hörpuhorni og allir eru velkomnir,“ segir Arinbjörn. Hann tekur fram að hófið sem haldið verði í framhaldinu í Norðurljósum með ræðum og söng sé bara fyrir kórmenn og þeirra konur. Það endi á Stuðmannaballi fyrir þennan lokaða hóp og spurst hafi út að Ragga Gísla ætli að syngja með!

# Örlítið minni diskant, takk

BÆKUR

**Netið**

★★☆☆☆

**Lilja Sigurðardóttir**

**Útgefandi:** JPV-útgáfa 2016
**Fjöldi síðna:** 353

Í bókaflóðinu í fyrra var Gildran eftir Lilju Sigurðardóttir eitt það hressilegasta sem rak á fjörur. Þar var sleginn nýr tónn í íslenskri spennusagnagerð, bókin var öskrandi aksjónkrimmi með vel dregnum persónum og slungnu plotti sem gladdi glæpasagnafíkla með nýjum sjónarhornum á íslenskan veruleika.




Netið er þráðbeint framhald Gildrunnar og hér eru persónur þær sömu, þótt örfáar bætist í hópinn, og aksjónin ef eitthvað er enn meiri og flóknari. Sonja, aðalpersónan, er enn föst í neti alþjóðlegs eiturlyfjahrings og ástkona hennar, Agla, stendur enn í flóknum fjármálagjörningum sem hvorki þola dagsljósið né rannsókn sérstaks saksóknara. Bragi tollvörður hugsar enn um deyjandi konu sína og Adam, fyrrverandi eiginmaður Sonju, notar enn Tómas son þeirra sem keyri á hana til að fara að vilja hans. Allt gott og blessað, svo langt sem það nær.

Styrkur Gildrunnar liggur fyrst og fremst í næmri persónusköpun og væntumþykju höfundar gagnvart persónum sínum, en í Netinu er eins og sú væntumþykja hafi dvínað. Allt þetta siðblinda fólk verður ósköp eintóna og þreytandi á þessum 353 síðum og lesandinn finnur ekki til nokkurrar samúðar með þeim, er slétt sama um afdrif þeirra og áhyggjur og því dettur botninn úr spennunni. Æsileg og ótrúverðug atburðarásin bætir ekki úr skák og þótt leikurinn berist víða um lönd, frá Íslandi til Grænlands og Mexíkó með viðkomu í stórborgum Evrópu, kviknar áhugi lesandans ekki. Maður stendur sig næstum því að því að dæsa mæðulega og segja stundarhátt; nei hættu nú alveg, þetta gengur engan veginn upp. Þau viðbrögð eru væntanlega ekki það sem höfundar spennusagna sækjast eftir að ná fram hjá lesendum sínum.

Íslenskir glæpasagnahöfundar eru í „mikilli sókn“ á erlendum mörkuðum og skiljanlega er útgáfa erlendis eftirsóknarverð og gleðileg fyrir höfunda sem skrifa á þessu örtungumáli sem enginn skilur. Það er hins vegar verra ef sú hugsun að skrifa fyrir alþjóðlegan markað tekur ráðin af höfundum og þeir gleyma því að það sem gerir nordic noir áhugavert og spennandi fyrir lesendur annarra landa er sérstaðan og hin sálfræðilega næmni sem margir af bestu norrænu glæpasagnahöfundum eru þekktir fyrir. Netið er skrifað beint inn í bandaríska aksjónþrillerahefð og það kemur vægast sagt ekki nógu vel út þegar bakgrunnurinn er íslenskur veruleiki. Þá verður útkoman bara enn einn þrillerinn sem geysist um heim alþjóðlegra eiturlyfjahringa og hvítflibbaglæpamanna án þess að bæta neinu við lýsingar á þeim heimum í öðrum sams konar sögum. Þegar ofan á bætist að persónurnar sem höfundur Gildrunnar lagði svo mikla alúð við að gæða lífi og lit eru orðnar útflattar og líflausar er útkoman harla rýr í roðinu og skilur lesandann eftir með hálfgert óbragð í munni.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Æsilegur aksjónþriller með ótrúlegri atburðarás en dauflega dregnum persónum og yfirdrifnu plotti.

# Andstæður og brot í Salnum

Tónleikaröðin Tíbrá í Salnum í Kópavogi hefur farið sérstaklega vel af stað á þessu hausti. Næstu tónleikar eru á sunnudagskvöldið undir yfirskriftinni Contrast – Fragments, eða andstæður – brot. En á meðal verka er nýtt verk eftir Unu Sveinbjarnardóttur sem hún segir að hafi reyndar verið frumflutt á Dalvík í sumar. „Við erum þarna hópur sem var að spila saman á Bergmálshátíðinni á Dalvík í sumar. Við ætlum að spila verk eftir mig við Vögguvísu eftir Ragnar Helga Ólafsson og það er í fyrsta skipti sem ég sem fyrir undirbúið píanó en ég er að spila á víólu í því verki. Með mér verða svo þau Kristján Karl Bragason á píanó, Grímur Helgason á klarínett og Hafdís Vigfúsdóttir á flautu og síðast en ekki síst Hildigunnur Einarsdóttir, mezzósópran.

Svo verðum við líka með lítil fiðluverk eftir mig, Bartók; Contrasts tríóið fyrir fiðlu, klarínett og píanó og sitthvað fleira en þetta verður mjög fjölbreytt og skemmtileg efnisskrá. Fleiri íslensk verk verða á efnisskránni auk þess sem franskur impressjónismi kemur við sögu. Þannig að það verða þarna bæði andstæður og brot enda er það yfirskriftin.“



Hildigunnur, Hafdís, Grímur, Una og Kristján Karl verða í Salnum á sunnudagskvöldið.

Una segir að það sé skemmtilegt hversu vel Tíbrá hefur farið af stað í haust. „Það er gaman að hafa svona röð í gangi í Kópavogi því það er svo mikið að gerast í Hörpu og skemmtilegt að láta þetta dreifast aðeins. Þetta er æðislegur salur og það er alltaf gaman að spila þarna. **– mg**



# Áskorun að hlusta á taktinn og tónlistina í líkamanum

**Shades of History er nýtt dansverk eftir Katrínu Gunnarsdóttur þar sem hún vinnur út frá því sem hefur haft áhrif á hana allt frá fyrstu tíð í dansinum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Núna er ég er að fara að sýna nýtt sólóverk sem heitir Shades of History. Kveikjan að verkinu var að vinna með höfundareinkenni eða einkennishreyfingar mismunandi danshöfunda sem hafa haft áhrif á mig í gegnum tíðina,“ segir Katrín Gunnarsdóttir, dansari og danshöfundur, sem hefur á undanförnum árum hlotið verðskuldaða athygli fyrir verk sín bæði hér heima og erlendis. Frumsýningin er í Tjarnarbíó í kvöld en það verða aðeins örfáar sýningar þar sem hún heldur innan tíðar með verkið til sýninga bæði í Sviss og Skotlandi.

Katrín heldur áfram og bætir við að í þessu verki sé hún áfram að vinna með sama viðfangsefni og í verðlaunasýningunni. „Þetta er líka orðið að hugleiðingu um það hvernig hlutir breytast. Hvernig ein hreyfing þróast yfir á aðra. Þannig er ég að reyna að leita að einhverjum kjarna eða ákveðnu flæði í hreyfingu.“

### Sagan endurtekur sig

Katrín hefur fengist við dansinn allt frá unga aldri en fyrir tveimur árum hlaut hún Grímuna sem danshöfundur ársins fyrir verkið Coming Up. Katrín segir að það verk hafi í raun verið það fyrsta sem tilheyrir þessari rannsókn. „Þá var ég að skoða síðustu fimmtán ár en ég er búin að vera að dansa í tuttugu ár eða þar um bil. En ég miða við að fyrsta opinbera dansverkið mitt, þar sem ég var að fá lánað eða hafði orðið fyrir áhrifum frá öðrum höfundum, hafi verið þegar ég var svona þrettán ára í Tónabæ.“

En skyldi Katrín sækja mikið í að horfa á og skoða verk annarra höfunda svona dags daglega? „Já, það sem var grunnur að þessu verki eru öll þessi áhrif sem við verðum fyrir án þess endilega að við tökum eftir því. Þannig að það kallaði á ákveðna rannsóknarvinnu að finna þessa áhrifavalda og vera meira meðvituð um það hvaðan áhrifin koma. Þannig að þessi rannsóknarvinna gerði mig meira meðvitaða um það hvaðan áhrifin á mann koma. Þannig að þessi vinna breytti mér sem áhofanda og gerði mig meðvitaða um það hvernig sagan birtist í dansverkum og hvernig hún er alltaf að endurtaka sig. Ég held að við séum alltaf undir áhrifum frá öðrum hvort sem við könnumst við það eða ekki.“

### Hætt að vera frumleg

Katrín hlær við spurningunni um það hvort þetta merki það að hún sé þá póstmódernisti. „Við erum komin miklu lengra en það. Erum við ekki komin í post-truth. Er það ekki það nýjasta? Ég er komin þangað þar sem þetta skiptir ekki lengur máli og ég get bara dansað hvað sem er þarna á gólfinu og sagt að það sé eftir einhvern annan. Sannleikurinn skiptir ekki máli lengur.

En það er hins vegar merkilegt hvernig dansáhrifin hér á landi voru, sérstaklega fyrir daga internetsins. Þá barst þekkingin hingað eiginlega svona second hand til okkar í gegnum aðra og þegar ég var krakki þá var það eina sem ég sá eftir fræga danshöfunda kannski bara eitt vídeó í skólanum eða með því að læra eitthvað í danstíma. Núna er raunveruleikinn allt annar þar sem þú getur séð svo margt og fylgst með öllu. Þetta hefur auðvitað breytt gríðarlega miklu en að sama skapi getur maður líka alveg gefist upp á því að vera frumlegur. Eftir þessi dansverk sem ég er búin að vera að vinna með núna þá er ég alveg búin að gefa það upp á bátinn. Ég ætla ekki að reyna að vera frumleg lengur því það er bara vonlaust.“

### Einföld nærvera

Shades of History samanstendur af því sem hefur mótað og haft áhrif á Katrínu á hennar dansferli. „Já, þetta er það en af því að ég tók þá nálgun í verkinu að vinna mikið með einfaldar hreyfingar, eins og t.d. handahreyfingar eða höfuðhreyfingar, einföld skref eða hringi þá sérðu ekkert endilega í verkinu mjög afgerandi einkenni. Heldur bregður þeim meira fyrir eins og einhvers konar skuggum eða litrófi. Þaðan kemur líka þessi titill og þú sem áhorfandi sérð ákveðið róf hreyfinga. Sumar hreyfingar eru líka þannig að áður en hreyfingin sjálf er komin í ljós þá er hún strax farin að breytast yfir í eitthvað annað.

En mér fannst svo áhugavert að nálgast þetta í einhverjum svona einfaldleika. Það er engin tónlist í þessu verki, heldur bara hljóðmynd með dansaranum og andardrættinum. Mér finnst það áhugavert að fara í slíka einfalda nærveru andspænis öllum þessum stóru hugmyndum.“

### Tónlist líkamans

Katrín viðurkennir að það sé vissulega krefjandi að vera án tónlistarinnar. „Það krefst rosalegs undirbúnings og maður þarf að venjast því. Þótt ég sé að vinna í verkinu án tónlistar þá nota ég tónlist til undirbúnings. Ég er með upphitunarlagalista og er líka oft með tónlist á æfingum vegna þess að það er manni svo eðlislægt að dansa og hreyfa sig við tónlistina. En þetta er skemmtileg áskorun að reyna að hlusta á taktinn og tónlistina í líkamanum og leyfa honum að standa einn og óstuddur.

Í þessu samfélagi okkar erum við líka alltaf í svo miklu áreiti og það er allt orðið svo tæknivætt að mér fannst að það væri spennandi að láta áhorfendur bara sitja saman í þögn. Það er fólgin einhver ööruvísi nærvera í því að sitja og hlusta og á þennan líkama sem er að dansa. Mér finnst það spennandi.“




**Katrín Gunnarsdóttir, dansari og danshöfundur, frumsýnir nýtt verk í Tjarnarbíó í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SKEGG RASPÚTÍNS** EFTIR **GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR**

# ÁHRIFAMIKIL OG RAUNSÖNN!




**Hrífandi skáldævisaga um hlutskipti kvenna, samskipti kynjanna og þau sannindi sem draumar geyma, eftir einn af okkar allra fremstu rithöfundum.**

**Guðrún Eva Mínervudóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2011 fyrir Allt með kossi vekur og Menningarverðlaun DV fyrir *Yosoy* árið 2006 og *Englaryk* árið 2014**

BJARTUR

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | 6, 9 |
| FLÖSKUSKEYTI FRÁ P | 5, 8, 10.25 |
| HACKSAW RIDGE | 8, 10.45 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 4 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 4 - 5 - 7 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 4 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:45 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:10 - 7 - 10:40 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:10 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 9 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 11:45 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ


Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is
Kaupa miða


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Af fingrum fram – Páll Óskar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn í Kópavogi
Þegar Páll Óskar og Jón Ólafsson hittast þá gerast galdrar. Tónleikar þeirra eru blanda af frábærri tónlist og uppistandi og áhorfendur þurfa að vera búnir að styrkja hláturvöðvana allverulega áður en þeir mæta á spjalltónleika þeirra félaga sem eru löngu orðnir árlegir. Lögin hans Palla og allar sögunar munu gleðja viðstadda, svo mikið er víst. Forsöluverð er 3.900 kr. en fullt miðaverð er 4.500 kr.

**Hvað?** Live band – Böddi's Solo Project
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressingarskálinn

**Hvað?** Júníus Meyvant
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hljómahöllin
Júníus Meyvant heldur veglega tónleika ásamt hljómsveit sinni og blástursveit í Bergi þann 18. nóvember en hann gaf nýverið út sína fyrstu breiðskífu í sumar sem ber nafnið Floating Harmonies. Árið 2014 var árið sem Júníus hljómaði fyrst í eyrum landsmanna og gerðist það þegar hann sendi frá sér sína fyrstu smáskífu, Color Decay. Júníus kom sá og sigraði á Íslensku tónlistarverðlaununum 2014 og fór frá með tvenn verðlaun fyrir besta lag ársins og sem bjartasta vonin. Árið 2015 var hann síðan aftur tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna, þá fyrir besta karlkyns söngvarann og besta lagið. Júníus hefur farið í talsvert af hljómleikaferðum undanfarin misseri, hann spilaði á Hróarskelduhátíðinni í sumar og nú síðast var hann á tónleikaferð um Evrópu í september þar sem uppselt var á flesta tónleikana.

**Hvað?** Seventís
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Rokkkór Íslands er rúmlega eins árs gamall og fer heldur óhefðbundnari leiðir en gengur og gerist í kórsöng. Kórinn skipa um 40 söngvarar sem flestir eiga það sameiginlegt að hafa yfir áratuga reynslu í popp-, rokk- og dægurlagasöng. Útkoman er kraftmikill og algjörlega einstakur hljómur sem er klárlega nýr sinnar tegundar hér á landi og eitthvað sem vert er að kíkja á.

**Hvað?** Foreign Land
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Það verður blásið í lúðrana þegar Foreign Land með Rakel Maríu og Eini heldur tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Mælt er með því að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti. Aðgangseyrir er 2.000 kr. við innganginn.

**Hvað?** Fóstbræður í eina öld – Stórtónleikar Karlakórsins Fóstbræðra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa, Eldborg
Stórtónleikar Karlakórsins Fóstbræðra fara fram í Eldborg í kvöld. Stjórnandi kórsins er Árni Harðarson. Fram koma ásamt kórnum: Fjórtán Fóstbræður, Gamlir Fóstbræður, Benedikt Kristjánsson, Egill Ólafsson, Jakob Frímann Magnússon, Högni Egilsson, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Kjartan Valdemarsson, Stórsveit Reykjavíkur og fjöldi annarra hljóðfæraleikara. Umgjörð og sviðsetning: Helena Jónsdóttir. Verð aðgöngumiða 7.900, 5.900 og 2.900 kr.

**Hvað?** DJ Marteinn/Sura á Prikinu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið



Páll Óskar Hjálmtýsson og Jón Ólafsson spila af fingrum fram í Kópavoginum í kvöld. Stuð og fjör.

**Hvað?** Red Bull Music Academy presents: AUÐUR
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Tónlistarmaðurinn Auður lauk nýverið námi við Red Bull Music Academy í Montréal í Kanada. Hann var tekinn inn úr hópi rúmlega 4.500 umsækjenda. Því er tilefni til að blása til veislu á Húrra. Fram koma tónlistarmenn sem hafa unnið með honum að undanförnu.

### Uppákomur

**Hvað?** Sagan í sögunni
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi
Hádegisfyrirlestur á aðalsafni Bókasafns Kópavogs í samvinnu við Iceland Noir glæpasagnahátíðina.

**Hvað?** Drag-Súgur: Eins árs afmælishátið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn
Drag-framkomuhópurinn Drag-Súgur heldur upp á eins árs afmælishátíð á Gauknum í kvöld. Boðið verður upp á VIP á meet and greet stemmingu áður en hefðbundin dagskrá hefst. Þar verður fordrykkur, myndataka, grín, glens og glimrandi skemmtiatriði! Athugið, takmarkað magn af miðum í boði. 20 ára aldurstakmark.

### Sýningar

**Hvað?** From the front to the beginning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerý Port, Laugavegi
Auður Ómarsdóttir opnar sýningu þar sem hún sýnir ný verk í mismunandi miðlum sem eru innblásin af dvöl hennar í Þýskalandi síðastliðna mánuði. Verkin fjalla um endurtekningu upphafsins í ástum og sorgum. Hið stöðuga fall og enduruppbyggingu veraldarinnar séð út frá sjónarhorni tvíhyggju. Þar má sjá hörundsflúraðan fjaðursnák og ljósmynd. Sorrý bréf. Málverk tileinkað vini. Broskalla og skissubók unna á tíu dögum í september.

### Fundir

**Hvað?** Kynningarfyrirlestur – Andri S. Björnsson, prófessor við heilbrigðisvísindasvið
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja stofa 132
Á heilbrigðisvísindasviði er haldið upp á framgang eða ráðningu nýrra prófessora með sérstökum kynningarfyrirlestri. Athafnirnar hefjast með stuttu yfirliti yfir helstu störf viðkomandi prófessors, en svo tekur hann sjálfur við og flytur erindi um störf sín og framtíðarsýn í kennslu og rannsóknum. Í lok athafnarinnar gefst svo tækifæri til þess að spjalla og gleðjast með hinum nýja prófessor. Tilgangur kynningarfyrirlestranna er að vekja athygli á hinum nýja prófessor, störfum hans og áherslum, ekki síst til þess að auka tengsl og samstarf innan skólans, en einnig til þess að hefja prófessorsstarfið til vegsemdar. Allir velkomnir!

**Hvað?** Málþing um söfn og ferðaþjónustu
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Safnahúsið á Hverfisgötu
Safnaráð, Íslandsstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga og Þjóðminjasafnið standa að málþingi um söfn og ferðaþjónustu föstudaginn 18. nóvember nk. kl. 13-16 í Safnahúsinu við Hverfisgötu

**Hvað?** Námsbraut í upplýsingafræði 60 ára
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan
Námsbraut í upplýsingafræði verður 60 ára háskólaárið 2016-2017. Þeim tímamótum verður fagnað með veglegri ráðstefnu sem haldin verður í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðunnar í dag.

**Hvað?** Uppgjör við kosningabaráttuna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Lögberg stofa 101
